



Ytra mat grunnskóla Vallaskóli

Úttekt þessi er unnin á vegum Námsmatsstofnunar - fyrir
mennta- og menningamálaráðuneytið og sveitarfélagið Árborg.

Höfundar: Hanna Hjartardóttir og Þóra Björk Jónsdóttir
© Námsmatsstofnun, 2014.

ISBN 978-9935-433-32-9

Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna	5
Inngangur	7
Aðferðir og framkvæmd	7
Vallaskóli.	8
Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi	8
Stefna skólans	9
Starfsmenn	10
Nemendur	10
Árangur náms	10
Samræmd könnunarpróf	10
Framfarir	12
Þátttaka	12
PISA	12
Starfstími	13
Sérfræðiþjónusta	13
Niðurstöður	14
Svið I - Stjórnun.	14
Fagleg forysta	14
Stefnumótun og skipulag	17
Samskipti heimila og skóla	19
Svið II - Nám og kennsla	21
Nám og námsaðstæður	21
Þátttaka og ábyrgð nemenda.	24
Námsaðlögun	25
Svið III – Innra mat	27
Framkvæmd innra mats.	27
Umbótastarf í kjölfar innra mats	28
Svið IV – Nám nemenda með sérþarfir – teymi.	30
Stjórnun	34
Nám og kennsla	34
Tækifæri til umbóta í námi og kennslu	34
Innra mat.	35
Nám nemenda með sérþarfir.	36
Frekari greining fyrir Vallaskóla	37
Heimildir.	45

Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Vallaskóla á Selfossi sem fór fram á vorönn 2014. Teknir voru fyrir fjórir matsþættir, þar af voru þrjár fyrirfram ákveðnar, en fjórði matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla. Þættirnir sem lagt var mat á voru stjórnun, nám og kennsla, innra mat og að ósk skóla og sveitarfélags var fjórði þátturinn *Nám nemenda með sérþarfir – teymi*.

Stjórnun

Einkunnarorð Vallaskóla eru *virðing*, *þekking*, *lífsgleði* og þau eru leiðarljós í öllu starfi skólans. Einkunnarorð skólafélagi Árborgar eru *gleði*, *metnaður*, *virðing* sem rímar vel við einkunnarorð Vallaskóla. Skólanámskrá endurspeglar áherslur skólans og skólafélagisins og starfsáætlun uppfyllir nánast öll viðmið sem birt eru í aðalnámskrá.

Allar helstu ákvarðanir um skólahald og stefnu skólans eru lagar fyrir skólaráð og fundargerðir þess eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Í símenntunaráætlun koma fram áherslur skólans og eru kennarar hvattir til að leita fjölbreyttra leiða til eflingar í starfi.

Samræma þarf áherslur í umbótaáætlun og símenntunaráætlun og setja skólanámskrá fram í heildstæðu skjali eins og aðalnámskrá kveður á um. Gera þarf verkaskiptingu stjórnenda skýra og gæta þess að gott upplýsingaflæði sé á milli stjórnenda. Leita þarf allra leiða til að efla þátttöku foreldra í skólastarfi.

Nám og kennsla

Samskipti eru jákvæð og góð, bæði milli nemenda og kennara og yfirleitt nemenda á milli. Kennslustundir eru almennt góðar, nemendur eru vinnusamir og nýta tímann vel. Kennarar hafa góða fagþekkingu og sérfræðiþekkingu þeirra nýtt í starfi. Nemendur á unglingastigi eiga kost á fjölbreyttum valgreinum. Leitað er eftir sjónarmiðum nemenda með bekkjarfundum og á árlegum skólaþingum. Nemendafulltrúar í skólaráði eru kosnir lýðræðislega og eru virkir þátttakendur í ráðinu en sjá þarf til þess að þeir sitji í tvö ár eins og kveðið er á um.

Samræma þyrfti upplýsingagjöf til foreldra á Mentor og hvetja nemendur og foreldra til að nýta sér námsvísa/bekkjarnámskrár. Huga þarf að því að nemendur læri að leggja mat á eigin árangur með hliðsjón af viðmiðum, setji sér markmið og þjálfist í sjálfsmati. Bregðast þarf við því að árangur nemenda í unglingadeild versnar á samræmdum könnunarprófum. Upplýsingatækni er lítið notuð við nám og kennslu af nemendum og áhugasvið nemenda er ekki mikið nýtt í námi og kennslu.

Innra mat

Skólinn er með áætlun um leiðir í innra mati 2011-2014 og sjálfsmatshópur er starfandi við skólann. Fjölbreyttar aðferðir eru nýttar til að afla gagna og leitað er eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila; nemenda, foreldra og starfsmanna. Umbótaáætlun fyrir yfirstandandi skólaár er til staðar og byggir á niðurstöðum úr innra mati skólans.

Í langtímaáætlun um innra mat þurfa að koma fram tímasetningar, viðmið, ábyrgðaraðilar og hvenær meta á árangur aðgerða. Umbótaáætlun þarf að gera árlega, birta opinberlega og leggja fyrir skólaráð, sama gildir um árlega sjálfsmatsskýrslu liðins árs. Huga þarf að því að skipa fulltrúa allra hagsmunaaðila í matsteymi svo þeir geti komið að forgangsröðun, skipulagi, framkvæmd og umbótum í kjölfar niðurstaðna.

Nám nemenda með sérþarfir

Fjölbreytt úrræði eru til að koma til móts við nemendur með sérþarfir. Fjölbreytt fagþekking er meðal þeirra sem starfa við skólann. Nemendateymi halda vel utan um nám nemenda með sérþarfir. Markmið með nemendateymum ná fram að ganga að mati þeirra sem rætt var við. Greiningargögn og aðrar upplýsingar fylgja nemendum frá leikskóla til grunnskóla og frá grunnskóla í framhaldsskóla. Skipulagning stuðnings fer ávallt fram í samræði við umsjónarkennara, aðra kennara, sérkennara og fagaðila, ef við á.

Stefna ætti að því að öll sérkennsla sé í höndum sérkennara. Gera þarf móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir. Skrá þarf hvernig brugðist er við niðurstöðum skipulagðra skimana. Mikilvægt er að aðrir starfsmenn fái upplýsingar vegna nemenda með sérþarfir. Huga þarf að dreifðri ábyrgð milli stjórnenda vegna nemendateyma og halda umfangi teyma í lágmarki. Nemendur verða að fá tækifæri til að koma að umfjöllun og skipulagi eigin náms, í samræmi við aldur og þroska. Gera ætti tilfærsluáætlun, sbr. reglugerð nr. 585/2010 um nám nemenda með sérþarfir.

Inngangur

Í þessari matsskýrslu er fjallað um ytra mat á Vallaskóla á Selfossi. Matið var framkvæmt af Þóru Björk Jónsdóttur og Hönnu Hjartardóttur og fór fram á vettvangi dagana 24.-27. mars 2014. Áður hafði farið fram gagnaöflun og undirbúningur. Matið er hluti af samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðuneytis en framkvæmdin er á vegum Námsmatsstofnunar. Matið er byggt á þeim skyldum ríkis og sveitarfélaga sem koma fram í 37. og 38. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Í Vallaskóla voru metnir fjórir þættir; stjórnun, nám og kennsla, innra mat og nám nemenda með sérþarfir - teymi. Síðast taldi matsþátturinn var ákveðinn af sveitarfélagi og skóla.

Markmið og tilgangur

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

1. Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufyrivalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
2. Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla.
3. Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
4. Tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum (*Lög um grunnskóla nr. 91/2008*).

Með ytra mati er unnið að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Grundvöllur ytra mats eru viðmið um gæði stjórnunar, náms og kennslu og innra mats. Auk þess geta sveitastjórnir/skólar óskað eftir mati á fjórða þætti sem í þessu tilfelli er nám nemenda með sérþarfir - teymi. Viðmiðin eru byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar, auk *Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020* (Hrönn Pétursdóttir, 2007). Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, svo sem frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.

Við matið er gengið út frá aðalnámskrá grunnskóla almennum hluta 2011 og greinasviðum 2013. Skólar hafa svigrúm til að laga skólastarf sitt að aðalnámskrá til 2015 og einn kaflahluta til 2016, það er kafla 9.4. Þar sem fjallað er um einkunnagjöf með hæfnikvarða sem skilgreindur er með bókstöfum. Matið er því leiðbeinandi og birtist í tillögum til úrbóta sem skólar geta stuðst við í innleiðingu sinni.

Aðferðir og framkvæmd

Matsaðilar byrjuðu á að afla sér upplýsinga um skólann áður en farið var í vettvangsathuganir og rýnivíðtöl. Kallað var eftir ýmsum gögnum sem varpað gátu ljósi á skólastarfið, ýmist á prenti eða á rafrænu formi.¹ Þá voru skoðaðar niðurstöður samræmdra prófa og framfarastuðull frá Námsmatsstofnun undanfarin sjö ár. Skoðaðar voru úttektir á sjálfsmati skólans sem ráðuneyti lét gera árin 2003 og 2008 en engar heildar úttektir hafa verið gerðar af hálfu mennta- og menningarmálaráðuneytis undanfarin fimm ár. Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins töldust sjálfsmatsaðferðir skólans ófullnægjandi árið 2003 en árið 2008 voru sjálfsmatsaðferðir skólans fullnægjandi og framkvæmd sjálfsmatsins fullnægjandi að hluta.

Fundur var haldinn 27. janúar 2014 með skólastjóra, deildarstjóra, fræðslustjóra Árborgar, kennsluráðgjafa og formanni skólanefndar. Þar voru forsendur matsins kynntar sem og framkvæmdin. Sama dag var kynningarfundur í skólanum fyrir allt starfsfólk og þá gafst einnig tækifæri til að fara með

1 Skólanámskrá og starfsáætlun, sýnishorn af kennsluáætlunum og námsáætlunum, greinargerðir um innra mat, umbótaáætlun og matsáætlun, stundatöflur nemenda, símenntunaráætlun, yfirlit yfir valgreinar, niðurstöður ytra mats sveitarfélaga og/eða mennta- og menningarmálaráðuneytis. Önnur gögn sem skólinn lagði fram.

skólastjóra í skoðunarferð um skólann. Í lok mars voru svo vettvangsathuganir hjá u.þ.b. 70% kennara og gafst einnig tækifæri til að spjalla við nemendur. Haldnir voru rýnihópafundir með kennurum, öðrum starfsmönnum skólans, stjórnendum, tveimur hópum nemenda, annars vegar nemendum í 2.-6. bekk og hins vegar 7.-10. bekk, foreldrum og fulltrúum í skólaráði. Þátttakendur í rýnihópum voru allir valdir með slembiúrtaki, nema stjórnendur. Þá var tekið einstaklingsviðtal við skólastjóra. Vegna fjórða matsþáttarins, nám nemenda með sérparfir – teymi, var sérstökum spurningum vegna hans beint til allra rýnihópanna og einnig rætt einstaklingslega við deildarstjóra sérkennslu. Þess verður að geta að foreldrar mættu ekki til viðtals í rýnihópi, nema formaður foreldrafélagsins sem jafnframt er forfallakennari við skólann. Sjónarmið foreldra birtast því ekki nema að litlu leyti í þessu mati.

Skólaheimsóknin stóð yfir í fjóra daga, auk kynningarfundar og skoðunar, 24.-27. mars 2014. Heimsóttar voru 32 kennslustundir hjá 34 kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum, s.s. stærðfræði, íslensku, samfélagsfræði, náttúrufræði, smíði, íþróttum, sundi, heimilisfræði, textíl, lífsleikni og sérkennslu. Kennarar vissu hvaða daga matsmaður var væntanlegur í vettvangsheimsókn en ekki í hvaða tíma. Var það gert til að undirstrika að matið á að vera á hefðbundnum kennslustundum, ekki sérstaklega undirbúnum vegna matsins. Matsmenn fylltu út gátlista fyrir hverja kennslustund. Skólastjóri fékk í hendur samfellda lýsingu á hverri kennslustund þar sem einnig voru sérstaklega dregnir fram tveir þættir sem voru til fyrirmyndar og einn sem hugsanlega mætti bæta. Kennurum var boðið að hitta matsmenn í lok hvers dag og fá endurgjöf og nýttu um 90% kennara sér það.

Matsmenn fóru einstaklingslega yfir þau gögn sem aflað var fyrirfram og að lokinni skólaheimsókn unnu þeir saman að úrvinnslu gagna og komust að sameiginlegum niðurstöðum varðandi þá þætti sem metnir voru.

Það ber að hafa í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Vallaskóli

Bakgrunnur og samfélagslegt umhverfi

Farskólalald í Sandvíkurhreppi hófst árið 1908. Kennslan fór fram á ýmsum stöðum í hreppnum en á Selfossi frá árinu 1928. Haustið 1933 tók skólinn til starfa í nýbyggðu húsi á suðurbakka Ölfusár norðan við húsið Stað við Sigtún. Þar starfaði skólinn þar til flutt var 1945 í fyrsta áfanga Barnaskóla Selfoss sunnan Tryggvagarðs við Austurveg. Annar áfangi var svo tekinn í notkun 1953. Tveggja ára unglingskóli var rekinn samhliða barnaskólanum 1947-50 og þriggja ára miðskóli í framhaldi af því 1950-63 er hann var gerður að gagnfræðaskóla. Sérstakur skólastjóri var yfir Miðskóla Selfoss þó öll kennsla færi fram í húsnæði barnaskólans til ársins 1967 þegar unglingsstigið flutti í fyrsta áfanga Gagnfræðaskólans á Selfossi við Sólvelli. Nýr áfangi með aðstöðu fyrir smíðakennslu var tekinn í notkun við þann skóla árið 1970. Þriðji áfanginn með íþróttahúsi, stjórnunarálfmu, mötuneyti og kennslurými var tekinn í notkun 1978 og fjórði áfanginn með auknu kennslurými var loks tekinn í notkun 1991.

Árið 1970 var hafinn rekstur framhaldsdeilda við Gagnfræðaskólann á Selfossi. Þessi kennsla var næstu ellefu árin á fyrsta ári framhaldsdeildar og nokkur seinustu árin einnig á öðru ári framhaldsdeildar. Árið 1981 urðu þessar deildir, ásamt lðnskólanum á Selfossi sem starfað hafði síðan 1943, stofninn að Fjölbrautaskóla Suðurlands, er þá tók til starfa.

Árið 1991 var ákveðið að breyta grunnskólalaldi á Selfossi á þann veg að báðir grunnskólarnir á staðnum yrðu hliðstæðir 10 árganga skólar og jafnframt var nöfnum skólanna breytt. Barnaskóli Selfoss skyldi heita Sandvíkurskóli en Gagnfræðaskólinn á Selfossi heita Sólvallaskóli. Árið 2002 var ákveðið að sameina grunnskólana á Selfossi, Sandvíkurskóla og Sólvallaskóla, og nefna hinn sameinaða skóla Vallaskóla. Jafnframt var byggður nýr grunnskóli sunnar í byggðinni, Sunnulækjarskóli, sem tók til starfa í ágúst 2004.

Frá því í ágúst 2011 hefur starfsemi Vallaskóla verið á sömu lóðinni með þeim hætti að 1. og 2. bekk er kennt í húsnæði við Tryggvagötu 23a (Valhöll) og 3.-10. bekk á í aðalbyggingu að Sólvöllum 2-4. Skólavistun Vallaskóla (Bifröst) er til húsa að Tryggvagötu 23b.

Samskipti milli leikskóla og grunnskóla á Selfossi eru í skráðu ferli sem skólastigin hafa komið sér saman um. Þar er um að ræða gagnkvæmar heimsóknir, þriggja daga vorskóla fyrir verðandi 1. bekklinga og þróunarverkefnið *Gullin í grenndinni* sem nánar er fjallað um í næsta kafla. Í tengslum við vorskólann eru einnig skipulagðar heimsóknir foreldra.

Nemendur á unglíngastigi geta fengið nám við Tónlistarskóla Árneseinga metið sem valgrein, óski foreldrar eftir því. Samstarf er milli skólanna varðandi ýmsa viðburði s.s. árshátíð, skólaslit og litlu jólin og kennarar tónlistarskólans þjálfar nemendur fyrir tónlistarflutning í grunnskólanum.

Samskipti við framhaldsskóla eru mest við Fjölbautaskóla Suðurlands (FSu). Nemendur í 10. bekk sem lokið hafa námi í grunnskóla í ákveðnum fögum geta tekið framhaldsskólaáfangi og stundað námið í Vallaskóla. Bráðgerir nemendur sem geta lokið grunnskólanámi á minna en tíu árum fara gjarnan yfir í FSu um áramót úr 10. bekk eða ljúka grunnskóla á níu árum.

Á þemadögum er gjarnan unnið að einhverju leyti í samstarfi við nærsamfélagið. T.d. komu listamenn og unnu með nemendum í 9. og 10. bekk á þemadögum í ár. Í verkefninu *Gullin í grenndinni* er unnið með Skógræktarfélagi Selfoss, Suðurlandsskógum og bæjarstarfsmönnum Árborgar.

Einnig er í gangi samstarfsverkefni milli skólans og stofnana bæjarins um tímabundið starfsnám fyrir unglínga.

Stefna skólans

Einkunnarorð skólans eru: *virðing, þekking, lífsgleði*. Undir merkjum þessara gilda hefur skólinn sett sér ýmsar stefnur, svo sem uppeldisstefnu, námsmatsstefnu og sjálfsmatsstefnu.

Vallaskóli hefur sett sér uppeldisstefnu sem má segja að komi að hluta til í stað hefðbundinna skólareglna. Stefnan er ein af vörðum leiðarinnar að góðum skólabrag. Þar er meðal annars rætt um að:

- setja skýr, einföld og skiljanleg mörk um hegðun. Æskileg hegðun er skilgreind á svæðalistum og starfsmenn leiðbeina nemendum.
- stefna að jákvæðum og uppbyggilegum skólaanda þar sem virðing, þekking og lífsgleði eru í fyrirrúmi. Allir í Vallaskóla leitast við að kunna sig, eru almennt tillitssamir og jákvæðir.
- H-vítamín (hrós) fá þeir sem eru samstarfsfúsir, jákvæðir, virkir og sýna virðingu í starfi og leik þar sem þeir þroska náms- og félagslega hæfni sína.
- efla sjálfsgá: Nemendur rækta með sér þrautseigju (sjálfsstyrkingu og ábatavon), helga sig því sem satt er, sætta sig við ábyrgð og eru sveigjanlegir í öllum úrlausnarefnum.
- marka sérstöðu Vallaskóla þar sem agi, lausnir og umhyggja eru höfð að leiðarljósi.

Unnið er með ákveðna grunnþætti til að stuðla að jákvæðri hegðun barnsins og draga úr hegðunarvanda. Þróunarverkefnið *Gullin í grenndinni* er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla á Selfossi en þrír leikskólar taka þátt í því auk Vallaskóla og Sunnulækjarskóla. Samstarfsaðilar verkefnisins eru Suðurlandsskógar, Skógræktarfélag Selfoss og umhverfiseild Árborgar. Markmið verkefnisins er að stuðla að samfellu og samskiptum milli skólastiga. Leiðin að þessum markmiðum er m.a. sú að skólarnir velja sér svæði á Selfossi sem nemendur rannsaka og safna upplýsingum um og færa inn í gagnagrunn en þannig nýtast upplýsingarnar sem flestum. Í lýsingu á verkefninu segir: *Með þátttöku í verkefninu verða nemendur meðvitaðir um gildi, viðhorf, og tilfinningar sínar gagnvart náttúrunni og samfélaginu og einnig fá nemendur tækifæri til að þekkja, skilja og virða náttúruna og samfélagið. Einnig felst þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og því að stuðlað sé að áhuga og vilja til þess að börnin og ungmennin taki þátt í samfélaginu sem þau búa í.*

Á heimasíðu skólans/verkefnisins eru allir áhugasamir hvattir til að taka þátt.

Eitt af þróunar- og/eða nýbreytniverkefnum í Vallaskóla er spjaldtölvuvæðing. Það verkefni snýr aðallega að notkun spjaldtölva í 1., 2. og 7. bekk skólans.

Skólaárið 2012-2013 hófu starfsmenn innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og halda því starfi áfram skólaárið 2013-2014. Það er þróunarverkefni sem byggt er upp á fagfundum og námskeiðum/fræðslufundum. Skólinn hefur hlotið styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til þess að innleiða tvö síðast nefndu þróunarverkefnin.

Skólinn er þátttakandi í verkefninu *Heilsueflandi grunnskóli*. Skólaárið 2012-2013 var áherslan á tannheilsu og mataræði en á þessu skólaári er áhersla á hreyfingu og mataræði.

Starfsmenn

Starfsmenn eru samtals 90. Stjórnendur eru fimm; skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, deildarstjóri yngri deildar, sem jafnframt er forstöðumaður skóladagvistunar, deildarstjóri eldri deildar og deildarstjóri sérkennslu. Við skólann starfar 51 kennari í 48 stöðugildum og aðrir starfsmenn eru 34. Þar af eru 20 stuðningsfulltrúar í 13 stöðugildum. Allir kennarar hafa lokið tilskilinni menntun og sérhæfing þeirra nýtist oftast vel í starfi. Tveir námsráðgjafar eru starfandi við skólann og einn þroskaþjálfari. Sálfræðingur frá Skólaskrifstofu Árborgar er einn dag í viku í skólanum en auk þess koma aðrir ráðgjafar skrifstofunnar í skólann þegar óskað er eftir.

Tveir hjúkrunarfræðingar frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands skipta með sér 50% stöðu í skólanum, samtals 20 stundir á viku.

Kynjaskipting starfsmanna er þannig að rúmlega 20% eru karlmenn. Starfsmannavelta er lítil, hvort sem lítið er til stjórnenda, kennara eða annarra starfsmanna.

Nemendur

Í skólanum eru 524 nemendur á vorönn 2014. Meðalstærð bekkja er 20 nemendur. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	alls
Fjöldi nem.	49	53	46	54	63	39	41	46	63	70	524
Bekkjardeildir	3	3	2	3	3	2	2	2	3	3	26

Hlutfall nemenda sem fær skilgreinda sérkennslu, það er nemendur sem eru með einstaklingsnámskrá vegna sérþarfa, er 15%. Fjöldi nemenda með annað móðurmál en íslensku er 51 nemandi.

Nemendur á unglíngastigi sem stunda nám í framhaldsskólaáföngum eru 25 á þessu skólaári. Í Vallaskóla starfar nemendafélag Vallaskóla, NEVA, fyrst og fremst á meðal nemenda í eldri deild.

Árangur náms

Samræmd könnunarpróf

Einn einkunnakvarðiinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel námsgreina. Kvarðiinn nær frá 0 upp í 60 þar sem meðaltalið er 30 og staðalfrávikíð tíu.

Samantekt á niðurstöðum 2007-2013**4. bekkur**

Frammistaða nemenda í fjórða bekk hefur verið talsvert sveiflukennd síðustu sjö árin. Spönn einkunna er um 7,5 stig í íslensku en um 9,2 stig í stærðfræði. Samantekt síðustu sjö ára sýnir að frammistaða er undir landsmeðaltali í íslensku sem nemur um einu stigi en um tveimur stigum í stærðfræði.

4. bekkur	Íslenska			Stærðfræði		
	Ár	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik
2007	28,48	8,59	52	28,33	9,11	55
2008	28,70	9,49	43	25,28	9,72	50
2009	30,03	8,60	38	25,52	11,44	44
2010	29,80	9,89	44	28,30	9,40	44
2011	33,48	6,56	29	34,67	7,88	30
2012	25,93	9,22	55	25,78	9,71	54
2013	28,73	9,51	51	30,78	8,80	51
Öll árin	28,94	9,14	312	28,02	9,87	328

7. bekkur

Frammistaða nemenda í sjöunda bekk síðustu sjö árin sveiflast talsvert milli ára líkt og í fjórða bekk. Stígatalan í íslensku spannar um 7,3 stig og spönn stiga í stærðfræði er um fimm stig. Þegar síðustu sjö ár eru tekin saman sést hvernig frammistaða í báðum námsgreinum er örlítið undir landsmeðaltali. Dreifing stiga í sjöunda bekk er talsvert hærri en á landsvísu og í öðrum árgöngum Vallaskóla.

7. bekkur	Íslenska			Stærðfræði		
	Ár	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik
2007	28,35	12,50	60	30,22	10,93	60
2008	33,58	10,48	53	32,58	8,61	53
2009	28,72	10,90	65	30,92	11,84	66
2010	29,14	11,55	65	27,52	10,68	66
2011	26,24	10,27	58	27,86	10,87	56
2012	27,78	7,58	40	25,85	11,37	40
2013	30,03	10,26	39	29,82	9,10	39
Öll árin	29,07	10,90	380	29,35	10,74	380

10. bekkur

Frammistaða í tíunda bekk sveiflast minna á milli ára heldur en í hinum árgöngunum tveimur að undanskilinni stærðfræðinni en þar er spönn stiga um 8,2. Þegar síðustu sjö ár eru tekin saman er frammistaða í öllum námsgreinum um þremur stigum undir landsmeðaltali.

10. bekkur	Íslenska			Stærðfræði			Enska		
	Ár	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik	Fjöldi	Meðaltal	Staðalfrávik
2007	27,43	8,77	97	24,97	8,99	96	26,21	9,29	98
2008	27,19	8,81	116	25,89	9,11	96	26,38	9,27	136
2009	25,09	9,73	86	24,03	9,17	91	26,24	9,38	88
2010	27,22	12,88	60	29,34	10,84	59	29,15	11,98	61
2011	27,41	11,30	58	29,11	9,46	57	27,66	10,32	59
2012	28,18	10,37	66	32,27	11,49	66	27,88	9,65	68
2013	26,47	9,60	59	26,37	10,34	60	25,38	10,83	63
Öll árin	26,97	10,01	542	26,99	10,11	525	26,82	9,95	573

Framfarir

Framfarastuðull nemenda er reiknaður út frá einkunnum þeirra á tveimur samræmdum könnunarprófum. Þetta er gert á milli fjórða og sjöunda bekkjar annars vegar og sjöunda og tíunda bekkjar hins vegar. Þessum stuðli er ætlað að veita upplýsingar um það hvort frammistaða nemanda hafi breyst frá því hann þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Á landsvísu er skiptingin að jafnaði þannig að um 15% sýna minni framfarir en jafnaldrar, um 50% sýna svipaðar framfarir, um 15% sýna meiri framfarir og um 5% sýna talsvert meiri framfarir en aðrir. Að jafnaði er ekki hægt að reikna framfarastuðla um 15% nemenda ár hvert vegna gagnaskorts.

57,9% nemenda í sjöunda bekk sýna svipaðar framfarir og jafnaldrar sínir á landsvísu síðustu sjö árin í íslensku, 13% sýna minni framfarir, 11,5% sýna meiri framfarir og 6,3% sýna talsvert meiri framfarir. Ekki var hægt að reikna framfarastuðla fyrir 11,3% nemenda. Í stærðfræði sýna 61,7% nemenda síðustu sjö árin svipaðar framfarir og jafnaldrar sínir, 9,5% sýna minni framfarir, 13,5% sýna meiri framfarir og 5,8% sýna talsvert meiri framfarir. Ekki var hægt að reikna framfarastuðla fyrir 9,5% nemenda.

42,9% nemenda í tíunda bekk sýna svipaðar framfarir og jafnaldrar í íslensku síðustu sjö árin, 26,1% sýna minni framfarir, 7% sýna meiri framfarir og 3,9% sýna talsvert meiri framfarir. Ekki var hægt að reikna framfarastuðla fyrir 20,2% nemenda. Í stærðfræði sýna 48,9% nemenda síðustu sjö árin svipaðar framfarir og jafnaldrar sínir, 18,2% sýna minni framfarir, 6,2% sýna meiri framfarir og 3,6% sýna talsvert meiri framfarir. Ekki var hægt að reikna framfarastuðla fyrir 23,1% nemenda.


Þátttaka

Þegar upplýsingar um undanþáguskráningar eru kannaðar fyrir skólann þrjú ár aftur í tímann og bornar saman við skráningar á landinu öllu sést hvernig þær eru í góðu samræmi, bæði þegar horft er á árgangana sitt í hvoru lagi og alla í heild.

PISA

PISA er alþjóðleg rannsókn á hæfni og getu 15 ára nemenda í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði. PISA prófun fer fram á þriggja ára fresti. Niðurstöður skóla er birtar í ytra mati þegar fjöldi nemenda í árgangi er 25 eða fleiri. Í Vallaskóla tók 55 nemendur PISA könnunina árið 2012.

Nemendur Vallaskóla sýna mun slakari árangur á PISA 2012 í öllum þremur greinum sem metnar eru. Árangur er slakari en hann var 2009 og 2006 en nokkuð svipaður og hann var árið 2003.



Starfstími

Árlegur starfstími skólans er 180 skóladagar nemenda en auk þess fimm skipulagsdagar starfsfólks á skólaárinu og átta skipulagsdagar utan þess. Vikulegur kennslutími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.

Forfallakennsla árið 2013 var samtals 1316 kennslustundir og þar af voru greiddar kennslustundir 1041. Af þeim sem ekki voru greiddar tóku stjórnendur að sér um 75% án launa. Það sem út af stendur eru um 70 kennslustundir þegar gefið var frí í unglingsdeild eftir hádegi.

Sérfræðipjónusta

Skólinn sækir sérfræðipjónustu og ytri ráðgjöf til starfsfólks skólaþjónustu Árborgar frá áramótum 2013/2014 en áður var það frá Skólaskrifstofu Suðurlands. Meginmarkmið nýstofnaðrar skólaþjónustu Árborgar er meðal annars að:

- efla skóla sveitarfélagsins sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veiti starfsfólki skóla aðstoð, leiðbeiningar og stuðning eftir þörfum
- byggja upp þjónustu sem einkennist af sameiginlegri lausnaleit sérfræðinga, kennara og foreldra í þeim úrlausnarefnum sem aðilar skólasamfélagsins standa frammi fyrir
- leggja áherslu á snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf vegna náms-, félags- og sálræns vanda og inngrip þegar á þarf að halda

Þjónustan er veitt í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Niðurstöður

Svið I - Stjórnun

Skólafélag sveitarfélagsins Árborgar hefst á nokkrum leiðarljósum þar sem meðal annars er áréttað að nám nemenda í skólum sveitarfélagsins skuli efla hæfni þeirra og þroska þannig að þeir nýti hæfileika sína sér og samfélaginu til heilla. Þá er einnig vikið að lýðheilsu og mikilvæði samspils umhverfis og félagslegra þátta. Jafnframt er áréttað mikilvægi mats á skólastarfi með það að leiðarljósi að tryggja nemendum góða líðan, menntun og gott skólaumhverfi.

Einkunnarorð Vallaskóla, virðing, þekking og lífsgleði, ríma vel við stefnu sveitarfélagsins. Við stjórnun skólans er einnig hugað að því að starfið sé unnið samkvæmt lögum og reglum en í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir í 7. grein:

Við grunnskóla skal vera skólustjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólustjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólustjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi skulu sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólustjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir.

Þá segir í aðalnámskrá grunnskóla: *Skólustjóri í samstarfi við starfsfólk ber ábyrgð á gæðum þess starfs sem fer fram í viðkomandi skóla* (kafla 10.1).

Fagleg forysta

Stjórnandinn sem leiðtogi

Stefna skólans er skýrt fram sett og birtist á heimsíðu skólans og allir þátttakendur í rýnihópum þekktu til hennar. Er þar bæði um að ræða einkunnarorðin *virðing, þekking, lífsgleði, Olweusaráætlun* gegn einelti og uppeldisstefnu skólans sem unnin var fyrir nokkrum árum.

Einkunnarorð skólans eru sýnileg á stóru listaverki í anddyri skólans svo og á öllum skjölum sem skólinn sendir frá sér. Jafnframt einkennist starfið í heild sinni af þessum einkunnarorðum að því er matsmenn sáu og heyrðu á vettvangi.

Stjórnendur hvetja kennara markvisst til að auka sífellt gæði náms og kennslu, m.a. með hvatningu til sí- og endurmenntunar en þeir fylgjast ekki reglulega með námi og kennslu í kennslustundum eða veita endurgjöf á vettvangi kennslunnar.

Skólustjórnendur hafa forystu um að móta sýn og stefnu skólans og menntun og velferð allra nemenda er leiðarljós skólustjórnenda. Stjórnendur leggja rækt við samskipti við nemendur, starfsmenn og foreldra en nokkuð vantar á að örva áhuga foreldra fyrir skólastarfinu almennt. Kom fram í rýnihópum kennara, stjórnenda og annarra starfsmanna að fulltrúar þar vildu meiri samskipti heimila og skóla en er í dag. Áhugaleysi foreldra kom meðal annars fram í því að ekkert foreldri mætti í rýnihóp þeirra, nema formaður foreldrafélagsins sem jafnframt er stundakennari í skólanum, þó foreldrar hafi verið boðaðir með góðum fyrirvara og fengið senda ítrekun.

Styrkleikar

- Stefna skólans er skýrt fram sett og allir hagsmunaaðilar þekkja til hennar.
- Einkunnarorð skólans eru leiðarljós í starfi hans.
- Skólustjórnendur hafa forystu um að móta sýn og stefnu skólans.
- Stjórnendur leggja rækt við samstarf allra hagsmunaaðila.

Tækifæri til umbóta

- Hugað beinni endurgjöf til kennara á vettvangi.
- Efla þarf samskipti við foreldra almennt og foreldrafélagið.

Stjórnun stofnunar

Þegar kennslu er skipað niður er tekið mið af menntun og sérhæfingu kennara. Stjórnendur gæta hagsmuna starfsfólks og benda starfsmönnum á réttindi jafnt sem skyldur. Gætt er að góðri skjalastjórnun, vörslu persónuupplýsinga og upplýsingagjöf um nemendur. Skólinn hefur unnið markvisst með þennan þátt í samstarfi við Héraðsskjalasafn Árnassýslu og var gefin út handbók um skjalavörslu grunnskóla í Árnassýslu í október 2013 (tilraunaútgáfa).

Móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn liggur fyrir og starfsþróunarsamtöl eru regluleg fyrir alla starfsmenn. Jafnréttisáætlun er í endurskoðun en einnig gildir jafnréttisstefna sveitarfélagsins fyrir allar stofnanir þess. Verklagsreglur um meðferð ágreiningsmála og eineltismála í starfsmannahópnum liggja fyrir í jafnréttisstefnu sveitarfélagsins þar sem vísað er til laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, en þar eru m.a. skilgreiningar á kynferðislegri áreitni og einnig er gátlisti í handbók starfsmanna.

Skipurit liggur fyrir sem endurspeglar gildandi fyrirkomulag stjórnunar í skólanum og starfslýsingar eru til fyrir alla starfsmenn. Til eru drög að verkaskiptingu í stjórnendateymi en ekki er unnið samkvæmt því í dag. Samkvæmt því sem kom fram í rýnihópum kennara, starfsmanna og skólaráðs þarf að skilgreina betur viðfangsefni stjórnanda og jafnframt að gera upplýsingastreymi innan stjórnendateymis skilvirkara svo þeir „tali einum rómi“, eins og fulltrúi í skólaráði orðaði það.

Allir starfsmenn undirrita skjal um þagnarskyldu og trúnað en ekki hefur það tíðkast varðandi verktaka sem vinna í skólanum.

Styrkleikar

- Menntun og sérhæfing kennara nýtist vel í starfi.
- Starfsþróunarsamtöl eru regluleg fyrir alla starfsmenn og móttökuáætlun er til fyrir nýja starfsmenn.
- Gætt er að góðri og skilvirkri skjalastjórnun.
- Jafnréttisáætlun og verklagsreglur varðandi eineltismál í starfsmannahópi liggja fyrir.

Tækifæri til umbóta

- Skrá verkaskiptingu stjórnanda og gera hana skilvirkari.
- Efla upplýsingamiðlun milli allra stjórnanda.
- Huga að því að verktakar sem vinna í og við skólann undirrita skjal um trúnað og þagnarskyldu.

Faglegt samstarf

Í stefnu skólans kemur skýrt fram að lýðræðisleg vinnubrögð séu viðhöfð í öllum þáttum skólastarfs. Þetta má m.a. sjá í uppeldisstefnunni þar sem rætt er um tillitssemi, virðingu og jákvæðni. Sama gildir um stefnu Olweusaráætlunar, þar er leiðarljós að bæta samskipti og efla góðan skólabrag.

Samstarf einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti. Faglegt samstarf kennara fer fram í faghópum á aldursstigum og/eða árgöngum í samræmi við stefnu skólans og með hagsmunum nemenda að leiðarljósi. Stjórnendur boða reglulega til starfsmannafunda og kennarafunda. Þó kom fram að vegna vinnutíma væri ekki öllum aðilum gert kleift að mæta á almenna starfsmannafundi, gildi það t.d. um stuðningsfulltrúa og þá sem sjá um gæslu nemenda eftir skólatíma. Reglulega er þó fundað með stuðningsfulltrúum einum og þá m.a. til að tengja þá stefnu Olweusaráætlunar.

Faglegt samstarf er við aðra grunnskóla í grenndinni, skóla á öðrum skólastigum og grenndarsamfélagið. Samskipti við leikskóla eru skráð og skilvirk og hafa að leiðarljósi skólustefnu Árborgar og aðalnámskrár leik- og grunnskóla. Fyrir áramót ár hvert fara 1. bekkingar í heimsóknir í gamla leikskólann sinn en eftir áramót koma elstu nemendur leikskólans í reglulegar heimsóknir í grunnskólana. Elstu nemendur

leikskólans koma í stuttar heimsóknir í janúar til mars og fá m.a. að taka þátt í íþróttum og í apríl er þriggja daga vorskóli sem starfsmenn leik- og grunnskóla skipuleggja. Þá er einnig unnið að þróunarverkefninu *Gullin í grenndinni* sem nánar er sagt frá í kaflanum *Stefna skólans*.

Í starfsáætlun Vallaskóla er greint frá tækifærum nemenda til félagsstarfs í félagsmiðstöðinni Zelsíuz, hjá Ungmennafélagi Selfoss og skátafélaginu Fossbúa. Þá er samstarf við Tónlistarskóla Árnesinga en margir nemendur stunda nám þar eftir skóla. Skólarnir starfa saman að ýmsum hátíðlegum viðburðum eins og skólaslitum og árshátíð Vallaskóla.

Varðandi framhaldsskóla er mest samstarf við Fjölbautaskóla Suðurlands (FSu) vegna nágreiniss og felst það í reglulegum fundum skólastjórnenda/skólameistara beggja skólastiga svo og kynningarfundum fyrir nemendur. Samræming er á skóladagatali grunnskóla og fjölbautaskóla. Þá geta nemendur á unglingsstigi tekið framhaldsskólaáfangi við FSu þegar þeir hafa lokið námi á grunnskólastigi í viðkomandi grein. Námsráðgjafi sér um kynningu á öðrum skólum og námsbrautum og nemendum gefst einnig kostur á að taka áhugasviðsgreiningu (Bendill). Einnig er öllum foreldrum boðið á kynningarfund um nám í framhaldsskóla. Ekki eru upplýsingar um þessi samskipti á heimasíðu skólans.

Styrkleikar

- Lýðræðisleg vinnubrögð eru leiðarljós í starfi skólans.
- Boðað er reglulega til starfsmanna- og kennarafunda með dagskrá og fundargerðir skráðar og aðgengilegar.
- Faglegt samstarf er við aðra grunnskóla, skóla á öðrum skólastigum og grenndarsamfélagið.
- Faglegt samstarf kennara fer fram í faghópum, á aldurstigum og í árgöngum í samræmi við stefnu skólans.

Tækifæri til umbóta

- Gera öllum starfsmönnum kleift að mæta á almenna starfsmannafundi.
- Skrá og birta á heimasíðu reglur um samskipti skólans og framhaldsskóla.

Skólaþróun

Símenntunaráætlun skólans tengist þróunar- og umbótastarfi innan skólans og er í samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrá en tekur einnig tillit til þarfa einstakra starfsmanna. Kennarar eru hvattir til að leita fjölbreyttra leiða til að efla sig í starfi og ákveðinn aðili ber ábyrgð á framkvæmd innra mats í skólanum.

Umbótaáætlun skólans fyrir 2013-2014 liggur fyrir og byggir á niðurstöðum úr könnunum meðal hagsmunaaðila en er ekki beint í samræmi við símenntunaráætlun og er ekki aðgengileg á heimasíðu skólans.

Styrkleikar

- Í símenntunaráætlun koma fram áherslur skólans og hvernig einstaklingar sækja símenntun.
- Kennarar eru hvattir til að leita fjölbreyttra leiða til eflingar í starfi.
- Ákveðinn aðili ber ábyrgð á framkvæmd innra mats í skólanum.

Tækifæri til umbóta

- Umbótaáætlun skólans þarf að birta á heimasíðu svo hún sé aðgengileg hagsmunaaðilum.
- Samræma þarf áherslur í umbótaáætlun og símenntunaráætlun.

Stefnumótun og skipulag

Starfsáætlun og skólanámskrá

Skólanámskrá endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins og tekur starfsfólk þátt í gerð hennar og samráð er haft við skólaráð. Hún uppfyllir þó ekki öll þau viðmið sem aðalnámskrá gerir ráð fyrir og í skjali því sem á heimasíðu heitir skólanámskrá eru einungis sá hluti sem telst til námsvísa/ bekkjarnámskráa. Aðrir hlutar skólanámskrár, svo sem stefna skólans, viðbrögð við áföllum, agamál, námsmatsstefna o.fl. eru undir öðrum titlum á heimasíðu. Unnið er eftir tveggja ára innleiðingaráætlun að endurskoðun skólanámskrár með tilliti til nýrrar aðalnámskrár.

Í námsvísu kemur fram hvernig kennarar útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrir mæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá á hverju námssviði. Skólanámskrá var endurskoðuð í heild fyrir nokkrum árum og er nú í endurskoðun m.t.t. innleiðingar á aðalnámskrá sem tekur gildi 2015. Sú endurskoðun er í höndum stjórnenda og kennara.

Starfsáætlun liggur fyrir og uppfyllir nánast öll þau viðmið sem birt eru í aðalnámskrá. Starfsáætlun endurspeglar einnig áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins og er lögð fyrir skólaráð og skólanefnd til staðfestingar. Starfsáætlun er að mestu unnin af stjórnendum en er kynnt fyrir starfsfólki skólans.

Styrkleikar

- Skólanámskrá endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins.
- Námsvísar eru vel útfærðir og taka til allra námssviða.
- Starfsáætlun uppfyllir nánast öll viðmið sem birt eru í aðalnámskrá.

Tækifæri til umbóta

- Setja skólanámskrá fram í heild sinni á heimasíðu eins og aðalnámskrá kveður á um.
- Gæta þess að starfsáætlun uppfylli öll viðmið aðalnámskrár.
- Ljúka endurskoðun skólanámskrár miðað við nýja aðalnámskrá.
- Huga að almennri þátttöku starfsfólks skólans við árlega uppfærslu starfsáætlunar.
- Hvetja til þátttöku allra hagsmunaaðila við endurskoðun skólanámskrár.

Skóladaður nemenda

Skóladaður nemenda er heildstæður og vikulegur námstími í samræmi við viðmiðunarstundaskrá. Stundatafla er samfelld með hléum þannig að vinnuálag miðast við aldur nemenda og þroska. Vegna þéttar töflu hjá 7.-10. bekk annars vegar, þar sem eru þriggja tíma lotur, og 1.-4. bekk hins vegar, þar sem ekki er matartími fyrr en að loknum sex kennslustundum, þarf að skoða hvort slíkt henti nemendum almennt. Þá þarf einnig að huga að því að gera stundatöflur þannig úr garði að gert sé ráð fyrir tíma fyrir nemendur til að fara í og úr sundtímum.

Nám nemenda er skipulagt þannig að tækifæri er til samvinnu milli námshópa og samþættingu í viðfangsefnum nemenda. Að mati fulltrúa kennara í rýnihópi er mikil samþætting á yngsta stigi en minnkar þegar ofar dregur í aldursstigum. Skólinn nýtir ekki það svigrúm viðmiðunarstundaskrár að taka fyrir námssvið á skemmri tíma en heilum vetri til að þau hafi meira vægi í stundaskrá nemenda ákveðið tímabil.

Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar fyrir nemendur í 8.-10. bekk þar sem nemendum gefst kostur á að dýpka þekkingu sína á áhugasviði eða með framtíðaráform í huga. Nám nemenda utan skóla, svo sem í tónlist og íþróttastarfi, er metið til valgreina, óski foreldrar eftir því.

Styrkleikar

- Skóladagurnemendaerheidstæðurogvikulegurnámstími í samræmiviðviðmiðunarstundaskrá.
- Nemendahópar eiga sameiginlegan tíma á töflu og hafa þannig kost á samvinnu.
- Boðið er upp á fjölbreyttar valgreinar á unglingastigi.

Tækifæri til umbóta

- Huga mætti að því að nýta sveigjanleika viðmiðunarstundaskrár meira til að skapa samfellu í námi.
- Skipuleggja stundaskrá þannig að tími gefist fyrir nemendur að fara í og úr sundtímum og fá eðlilega hvíld milli kennslustunda.

Verklagsreglur og áætlanir

Skólasamfélagið hefur skilgreint jákvæðan skólabrag og mótað leiðir til að viðhalda honum. Þar er um að ræða uppeldisstefnu skólans, Olweusaráætlun og ART (Aggression Replacement Training).

Skólareglur liggja fyrir og eru sýnilegar í skólastofum en þær þarf að uppfæra m.t.t. reglugerðar nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Á sínum tíma tóku nemendur þátt í að móta skólareglur og taka árlega þátt í að móta bekkjarreglur með sínum umsjónarkennara.

Forvarnarteymi er starfandi í skólanum sem á að fylgja eftir forvarnaráætlun sveitarfélagsins Árborgar sem tekur til ára 2010-2013 með ákvæði um endurskoðun ekki síðar en 2015. Ýmis verkefni tengd forvörnum eru í gangi, s.s. Olweusaráætlun, fræðsla frá Marita og Samtökunum '78, hjóladagur og umferðarfræðsludagur þar sem unnið er með forvarnir í umferðarmálum. Níundi bekkur tekur virkan þátt í árlegum forvarnardegi og einnig hafa hjúkrunarfræðingar og námsráðgjafar komið inn í ákveðna árganga með mismunandi fræðsluerindi sem hafa forvarnargildi. Ekki eru á heimasíðu upplýsingar um hvernig staðið er að forvarnarmálum í skólanum.

Áætlun um sérkenntu hefur verið gerð og henni fylgt. Þá kemur einnig fram á heimasíðu hvaða kannanir og skimanir eru lagðar fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð.

Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku er til staðar og einnig móttökuáætlun fyrir nýja nemendur. Hún er á heimasíðu undir flípanum „hagnýtar upplýsingar“ og mætti gera ítarlegri. Góður gátlisti er hins vegar í starfsmannahandbók. Gera þarf móttökuáætlun fyrir nemendur með sérstakar þarfir þar sem m.a. er kveðið á um aðbúnað, hjálpartæki, hlutverk allra fagaðila sem að nemandanum koma, og áætlun vegna félagslífs og tómstundastarfs. Eðlilegt væri að hafa slíka áætlun á heimasíðu skólans.

Styrkleikar

- Skólasamfélagið hefur skilgreint hvað felst í jákvæðum skólabrag.
- Skólareglur liggja fyrir og eru sýnilegar.
- Forvarnarteymi sér um að fylgja eftir forvarnaráætlun sveitarfélagsins.
- Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir þeim.
- Yfirlit yfir kannanir og skimanir fyrir þá sem þurfa námsaðstoð liggur fyrir.

Tækifæri til umbóta

- Uppfæra skólareglur í samræmi við gildandi reglugerð.
- Gera móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir.
- Huga að endurskoðun móttökuáætlunar fyrir nýnema.

Samskipti heimila og skóla

Skólaráð, foreldrafélag

Skólaráð er virkur samráðsaðili í stjórnun skólans og stefnumörkun. Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu og skólalagd eru lagðar fyrir ráðið til umsagnar. Fundir skólaráðs eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. Nemendur eru kosnir með lýðræðislegum hætti en gæta þarf þess að nemendur geti setið í ráðinu í tvö ár eins og reglugerð kveður á um. Samkvæmt upplýsingum fulltrúa í rýnihópi skólaráðs eru ekki allir fulltrúar kosnir með lýðræðislegum hætti.

Ekki er mikið samband milli foreldrafélags og skólaráðs og hafa því fulltrúar foreldra í skólaráði lítið bakland í foreldrahópnum að þeirra sögn.

Skólastjóri fundar með foreldrafélagi þegar óskað er eftir því og fundaraðstaða fyrir foreldra er til staðar í skólanum. Hins vegar hefur foreldrafélagið ekki verið virkt þetta skólaár og erfitt að fá foreldra til þátttöku að mati formanns foreldrafélags.

Styrkleikar

- Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu og skólalagd eru lagðar fyrir skólaráð.
- Skólaráð fundar reglulega og fundargerðir þess eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Skólastjóri fundar með foreldrafélaginu þegar óskað er eftir.

Tækifæri til umbóta

- Gæta þarf þess að allir fulltrúar í skólaráði séu lýðræðislega kosnir af sínum hópum.
- Efla þarf og styrkja foreldrafélag skólans.

Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun

Skipulagðar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólastarfi og má þar nefnda árshátíð, litlu jól, skólasetningu, skólaslit og foreldraviðtalsdaga. Markvisst er leitað eftir tillögum og hugmyndum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfi bæði með könnunum í gegnum Skólapúlsinn og einnig á árlegum skólalöngum þar sem allir hagsmunaaðilar geta komið með tillögum til eflingar skólastarfinu. Stjórnendur og umsjónarkennarar halda uppi virku samstarfi við foreldra með aðstoð annarra kennara skólans, m.a. með því að kynna námsmarkmið og leiðir að þeim. Það er t.d. gert á árlegum námskynningum að hausti og á foreldraviðtalsdögum tvisvar á ári. Árshátíðir og aðrar uppákomur, undirbúnar af nemendum, kennurum og foreldrum hvers bekkjar, eru aðalþátturinn í félagslífi 1.–7. bekkinga.

Mentor er aðal skráningartækið um samskipti heimila og skóla og árangur nemenda í námi. Ekki er þó samræmt milli allra kennara hvernig og hversu tíð þau samskipti eru.

Að mati fulltrúa í rýnihópum er heimasíða skólans virk og inniheldur hagnýtar upplýsingar. Það kom einnig fram hjá foreldrum í könnun Skólapúlsins 2012-2013 þegar rúmlega 90% aðspurðra töldu svo vera.

Þar sem foreldrar mættu ekki í rýnihóp (nema formaður foreldrafélagsins sem jafnframt er stundakennari við skólann) gafst ekki tækifæri til að spyrja þann hóp um samskipti og upplýsingagjöf

frá skóla. Í samtölum við aðra rýnihópa, t.d. kennara og skólaráð, kom fram nauðsyn þess að efla bein samskipti milli heimila og skóla.

Einnig er getið um mikilvægi góðs samstarfs heimilis og skóla í skólastefnu sveitarfélagsins Árborgar.

Styrkleikar

- Skipulagðar foreldraheimsóknir eru reglulegur þáttur í skólastarfi.
- Leitað er eftir tillögum foreldra um það sem betur má fara í skólastarfinu með markvissum hætti.
- Kennarar og stjórnendur leitast við að halda uppi virku samstarfi við foreldra um námsmarkmið og leiðir að þeim.

Tækifæri til umbóta

- Samræma upplýsingagjöf til foreldra á Mentor.
- Vinna markvisst að því að efla samskipti heimila og skóla með aðkomu allra aðila; foreldra, skóla og sveitarfélags.

Svið II - Nám og kennsla

Í skólustefnu sveitarfélagsins Árborgar eru nokkur leiðarljós og tilgreind markmið með þeim. Þar segir m.a. að nemendur skuli hafa jöfn tækifæri til náms og að skólabragur skuli einkennast af gleði, heilbrigði og jákvæðni.

Í uppeldisstefnu Vallaskóla segir að stuðla beri að jákvæðum og uppbyggilegum skólabrag þar sem virðing, þekking og lífsgleði séu í fyrirrúmi. Í framtíðarsýn Vallaskóla er rætt um að í skólanum sé unnið með fjölbreytt og sveigjanleg viðfangsefni, að skólinn sé sjálfstæður, hafi frumkvæði í faglegum vinnubrögðum, þar sé unnið á skapandi hátt og ýtt undir frumkvæði í hugsun og verki.

Það er því ljóst að í skólanum er metnaður fyrir faglegt skólastarf þar sem fjölbreytni í kennsluháttum og sveigjanleg viðfangsefni koma til móts við mismunandi þarfir einstaklinga.

Nám og námsaðstæður

Inntak og árangur

Skólinn er án aðgreiningar að mati allra rýnihópa og skólanámskrá er endurskoðuð reglulega. Námsvísar eru greinargóðir en hins vegar kom fram í rýnihópi nemenda að nemendur sögðust ekki nýta sér þá að staðaldri og yngri nemendur könnuðust ekki við að hafa skoðað þá. Skólanámskrá, eins og hún er á heimasíðu, fjallar eingöngu um það sem snýr að námsvísu og nokkuð vantar upp á að allar upplýsingar sem aðalnámskrá kveður á um séu á heimasíðu skólans. Námsvísar miðast við aðalnámskrá sem fellur úr gildi 2015.

Á heimasíðu er vakin athygli á fjölbreyttum árangri nemenda bæði innan skóla og utan og það kom líka fram í samtölum við rýnihópa.

Árangur nemenda á samræmdum könnunarprófum 4., 7. og 10. bekkjar er undir landsmeðaltali þegar reiknað er saman sjö ára meðaltal. Sveifla er í árangri milli ára en 2013 er frammistaða nemenda í 4. og 7. bekk nálægt landsmeðaltali en hjá nemendum í 10. bekk er frammistaðan verulega undir landsmeðaltali í öllum þremur fögunum, þ.e. í íslensku, stærðfræði og ensku. Hlutfallslega fleiri nemendur sýna minni framfarir milli 7. og 10. bekkjar í íslensku en jafnaldrar á landsvísu og færri sýna meiri framfarir í stærðfræði en jafnaldrar á landsvísu.

Frammistaða nemenda í PISA könnun 2012 er slakari en gerist á landsvísu og mikið slakari en var 2009.

Styrkleikar

- Skólanámskrá er endurskoðuð reglulega.
- Námsvísar eru greinargóðir.
- Stefna sveitarfélagsins endurspeglast í námi nemenda.
- Vakinn er athygli á fjölbreyttum árangri nemenda.

Tækifæri til umbóta

- Uppfæra þarf námsvísa fyrir 2015 svo þeir byggi á nýrri aðalnámskrá.
- Greina og bregðast við því hvað veldur að frammistaða nemenda versnar milli 7. og 10. bekkjar á samræmdum könnunarprófum.
- Skoða hvers vegna árangur nemenda dalar mikið milli PISA kannana.
- Setja þarf upp á heimasíðu skólanámskrá skólans með þeim viðmiðum sem aðalnámskrá gerir grein fyrir.
- Hvetja þarf nemendur og foreldra til að nýta sér námsvísa.

Skipulag náms og námsumhverfi

Námsvísar sýna stigvaxandi kröfur og samhengi í námi. Þar er gerð grein fyrir markmiðum, leiðum, námsefni og hvað metið er við námsmat. Blandað er saman í lokaeinkunn mati á árangri og mati á hegðun, umgengni og vinnubrögðum. Í námsvísunum eru sett fram markmið sem taka mið af námsgreinum aðalnámskrár frá 2007.

Námsgögn eru notuð til að hvetja og styðja við nám og námsumhverfi og aðbúnaður styður við nám og þarfir allra nemenda. Nemendur í rýnihópi vissu hver væri tilgangur og markmið með heimanámi og reynt er að gæta þess að það dreifist á vikudaga eða tímabil. Það er gert í samstarfi kennara innan hvers árgangs. Um heimanám, þ.e. heimalestur, er einnig fjallað í lestrarstefnu skólans sem er á heimasíðu.

Nemendur á unglíngastigi hafa fjölbreytt val um námsgreinar og námssvið í rúmlega fimmtungi námstímans. Nemendur á yngri stigum hafa ekki mikið val um viðfangsefni eða námsaðferðir að því er séð varð í vettvangsathugunum.

Samstarf um nám frá leikskóla í grunnskóla er skráð og virkt. Samstarf við framhaldsskóla er einnig virkt en ekki er til um það skráð ferli á heimasíðu.

Foreldrasamtöl eru reglulega þar sem nemandi og foreldri ræða við umsjónarkennara en ekki eru önnur skipuleg nemendasamtöl.

Styrkleikar

- Áætlanir um nám og kennslu eru skráðar og birtast í skólanámskrá.
- Gerðar eru stigvaxandi kröfur í námi milli árganga.
- Lestrarstefna er skráð með viðmiðum um árangur.
- Samstarf um nám milli leik- og grunnskóla er skráð og virkt.
- Nemendur á unglíngastigi eiga kost á fjölbreyttum valgreinum.

Tækifæri til umbóta

- Huga að því að nemendur á öllum stigum hafi nokkurt val um viðfangsefni og aðferðir.
- Skrá samstarf milli grunn- og framhaldsskóla og gera sýnilegt á heimasíðu.
- Vinna að því að reglulega fari fram einstaklingssamtal milli nemenda og umsjónarkennara.
- Æskilegt er að skilja á milli námsárangurs og ástundunar eða hegðunar í námsmati.

Kennsluhættir og gæði kennslu

Fagmennska, sérfræðiþekking og menntastefna endurspeglast í störfum og skipulagi kennara. Námseiningar og kennslustundir eru vel skipulagðar og tími nemenda vel nýttur. Á yngri stigum er leitast við að samþætta námsgreinar en ekki er um það að ræða að staðaldri þegar ofar dregur.

Kennsluhættir einkennast mikið af fræðandi hlutverki kennara, þar sem kennarinn er fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Í vettvangsathugunum sást sjaldan að kennari skipulegði rannsóknarmiðað nám þar sem lögð er áhersla á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhusun nemenda. Nemendur voru almennt ekki að vinna saman eða ræða námið heldur unnu mikið einir að sínum verkefnum.

Nemendur vinna raunhæf verkefni tengd daglegu lífi í ákveðnum greinum. Má þar nefna nám í heimilisfræði og stærðfræði á unglíngastigi sem tengt er daglegu lífi nemenda.

Vinnubrögð eru valin með tilliti til verkefna hverju sinni. Fyrst og fremst eru þjálfuð sjálfstæð vinnubrögð hjá nemendum þar sem þeir vinna mikið einir að námi sínu. Í níu af 32 metnum kennslustundum var skipulagt samstarf hjá nemendahópnum eða hluta af honum í námi.

Með hópaskiptingu í 2.-10. bekk er leitast við að koma sem best til móts við þarfir hvers nemanda með krefjandi viðfangsefnum. Á vettvangi voru þó flestir í sama námshópi að fást við svipuð eða sömu verkefni og það kom einnig fram í rýnihópi nemenda.

Námsmat sem nefnt er í skólanámskrá er fjölbreytt, tengist markmiðum náms og endurgjöf kennara á vinnu nemenda er leiðbeinandi og markviss. Skólinn er með námsmatsstefnu sem birt er á heimasíðu hans.

Styrkleikar

- Kennarar sýna góða fagþekkingu á námssviðum sem þeir kenna og sérfræðiþekking þeirra nýtist í starfi.
- Kennslan er skipulögð með tilliti til námsmarkmiða og kennslustundir eru vel nýttar.
- Kennarar bera að öllu jöfn ábyrgð á hópaskiptingu nemenda.
- Námsmat er fjölbreytt og endurgjöf kennara markviss.

Tækifæri til umbóta

- Efla þarf samvinnu og samstarf nemenda.
- Enn fjölbreyttari kennsluhættir væru æskilegir til að koma betur til móts við þarfir hvers og eins nemenda.
- Auka heildstæð og samþætt verkefni á öllum aldursstigum, einkum á eldri stigum.

Námshættir og námsvitund

Nemendur eru almennt virkir í kennslustundum og vinna að margvíslegum verkefnum. Þeir fá þjálfun í fjölbreyttum námsaðferðum. Þar má meðal annars nefna þróunarverkefni um notkun iPad í kennslustundum. Nemendur sem voru í rýnihópum þekktu eigin styrkleika og gerðu sér grein fyrir mismunandi leiðum til að afla sér þekkingar.

Í námsvísun kemur fram að nemendur bera vaxandi ábyrgð á að velja viðfangsefni og eigin námsaðferðir. Það kemur aðallega fram í fjölda valstunda í 9. og 10. bekk sem eru umfram það sem viðmiðunarstundir í aðalnámskrá gera ráð fyrir. Á yngri stigum virtust nemendur ekki eiga kost á að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða nýta eigin námsstíl.

Í frjálsum lestri og að nokkru leyti í verklegum tímum tekur nám nemenda mið af áhugasviði þeirra en annars var ekki séð á vettvangi að áhugasviðin væru nýtt til eflingar í skólastarfi.

Notkun upplýsingatækni í námi og kennslu er ekki mikil. Nemendur nýta ekki upplýsingatækni í námi, m.a. vegna lélegs netsambands í flestum kennslustofum Vallaskóla. Kennarar nýttu upplýsingatækni í sex af metnum kennslustundum.

Styrkleikar

- Nemendur vinna að markmiðum náms síns með fjölbreyttum leiðum.
- Nemendur bera vaxandi ábyrgð á að velja viðfangsefni.

Tækifæri til umbóta

- Efla enn frekar fjölbreyttar kennsluaðferðir.
- Auka verkefni nemenda sem taka mið af þeirra áhugasviði.
- Gera nemendum og kennurum kleift að nýta upplýsingatækni í skólastarfi.

Þátttaka og ábyrgð nemenda

Lýðræðisleg vinnubrögð

Nemendur vita að markvisst er leitað eftir sjónarmiðum þeirra um fyrirkomulag skólalastarfsins. Það er gert á vikulegum bekkjarfundum tengdum Olweusarverkefni, með þátttöku þeirra í skólaráði og á árlegum skólabingum þar sem öllum hagsmunaaðilum gefst tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Skólaráð starfar þannig að fulltrúar nemenda eru fullgildir þátttakendur í umræðum og ákvarðanatöku. Hins vegar þarf að gæta þess að nemendur sitji í ráðinu í tvö ár í samræmi við reglugerð þar um og veita þeim þjálfun í að starfa á þeim samstarfsvettvangi. Fulltrúar nemenda í ráðið eru kosnir lýðræðislegri kosningu í nemendafélaginu.

Séð er til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja, séu öllum aðgengilegar og fundargerðir skólaráðsins eru birtar á heimasíðu. Hvað félagsstarfið varðar fara nemendur og/eða deildarstjóri eldra stigs gjarnan í bekk og upplýsa hvað framundan er. Ekki er þó skráð eða aðgengilegt á heimasíðu neitt ferli varðandi þennan þátt. Nemendur sitja einnig í nefnd sem skipuleggur starf *Heilsueflandi grunnskóla* en ekki er um það getið á heimasíðu.

Styrkleikar

- Markvisst er leitað eftir sjónarmiðum nemenda varðandi fyrirkomulag skólalastarfs.
- Nemendur sitja í ýmsum nefndum/ráðum og eru þar fullgildir þátttakendur.

Tækifæri til umbóta

- Vinna markvisst að því að nemendur sitji tvö ár í skólaráði í samræmi við reglugerð.
- Sjá til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða og nefnda sem nemendur eiga aðild að, séu öllum aðgengilegar.

Ábyrgð og þátttaka

Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Nemendur þekkja markmið smærri verkefna og kennslustunda þegar við á, en ekki hvað varðar námseiningar í heild sinni. Nemendur úr 10. bekk í rýnihópi sögðu að þeim væri kennt að setja sér eigin markmið í námi en aðrir könnuðust ekki við slíkt. Í rýnihópi kennara kom fram að nemendur taka þátt í að meta árangur sinn í námi. Fyrir foreldraviðtöl er einnig farið yfir blað með 1. og 2. bekkjum sem kennir þeim að meta árangur sinn sjálf.

Foreldrar eru með í ráðum við setningu einstaklingsbundinna markmiða barna sinna sem eru með sérþarfir. Foreldrar geta fylgst með námsframvindu barna sinna á Mentor í sumum árgöngum en það er ekki markvisst hjá öllum kennurum. Á unglíngastigi er það fyrst og fremst ástundun sem skráð er í Mentor.

Styrkleikar

- Nemendur eru tillitssamir.
- Nemendur þekkja markmið smærri verkefna og kennslustunda.
- Foreldrar eru með í ráðum við setningu einstaklingsbundinna markmiða nemenda með sérþarfir.

Tækifæri til umbóta

- Gera nemendum ljós markmið námseininga í heild sinni.
- Kenna nemendum að meta eigin vinnu, setja sér markmið og þjálfast í sjálfsmati.

Námsaðlögun

Nám við hæfi allra nemenda

Lögð er áhersla á skóla án aðgreiningar í öllu skólalaginu og skólabragurinn einkennist af sanngirni og virðingu fyrir öllum. Leitast er við að allir nemendur taki virkan þátt í námi og starfi skólans. Kennarar meta stöðu nemenda á fjölbreyttan hátt og laga nám að niðurstöðum. Í stundatöflu er þess gætt að nemendur séu á sama tíma hjá umsjónarkennara í árgangi og gefist þannig kostur á samvinnu, þetta kalla starfsmenn „gat í gegn“. Með hópaskiptingu frá 2. bekk og upp úr í nokkrum fögum er reynt að koma sem best til móts við mismunandi þarfir einstaklinganna. Samvinna er milli umsjónarkennara og sérkennara hvers árgangs um þessa hópaskiptingu.

Í námsvísunum er lögð áhersla á að mæta fjölbreyttum þörfum og það er gert með hópaskiptingu en ekki er beinlínis hugað að áhugasviði nemenda nema í valgreinum á unglingastigi. Foreldrar eru með í ráðum um námsmarkmið nemenda með sérþarfir en nemendur koma þar lítið að málum.

Styrkleikar

- Áhersla er á skóla án aðgreiningar.
- Skólabragur er jákvæður.
- Staða nemenda er metin á fjölbreyttan hátt og nám lagað að niðurstöðum.
- Með hópaskiptingu er leitast við að vera með krefjandi verkefni fyrir alla.

Tækifæri til umbóta

- Hlutast til um að áhugi og hæfileikar nemenda endurspeglast í viðfangsefnum.
- Hafa nemendur með í ráðum um námsmarkmið, eftir því sem hægt er.

Stuðningur við nám

Markvisst er fylgst með námi og framförum allra nemenda og kennslan skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum sem best. Nám nemenda með metnar sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrám og taka foreldrar þátt í gerð þeirra og endurmati þegar við á. Nemendur koma ekki að þeirri ákvarðanatöku.

Sérkennsla og stuðningur fer að mestu fram í námsaðstæðum samnemenda, innan bekkjar eða námshóps. Hópaskipting í nokkrum fögum í öllum árgöngum gerir það t.d. framkvæmanlegt og snýr það bæði að þeim sem þurfa sérúrræði og þeim sem eru bráðgerir. Fjölbreytt önnur úrræði eru einnig til staðar, má þar nefna list- og verkgreinanámskeið, ART-þjálfun, mál- og hreyfiþjálfun, nemendateymi og sérstakt úrræði fyrir nemendur á unglingastigi sem víkja verulega frá í hegðun og/eða námi.

Árangur stuðnings er metinn markvisst og hann endurskipulagður ef þarf. Námsmat er lagað að þörfum nemenda.

Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun og lagðar fyrir kannanir og skimanir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda. Skrá yfir kannanir og skimanir er á heimasíðu en ekki er skráð hvernig brugðist er við niðurstöðum. Í starfsmannahandbók eru skráðar allar leiðir sem hægt er að fara til að koma sem best til móts við nemendur með sérþarfir.

Ábyrgð á stuðningi við nemendur er í höndum fagmenntaðs starfsmanns, deildarstjóra sérkennslu, en auk þess starfa þrjár sérkennarar við skólann. Samt sem áður fer nokkuð af sérkennslu fram hjá almennum kennurum.

Styrkleikar

- Fjölbreytt úrræði eru nýtt til að koma sem best til móts við nemendur með sérþarfir.
- Nám nemenda með metnar sérþarfir er skipulagt með einstaklingsnámskrám.
- Árangur stuðnings er metinn markvisst og hann endurskipulagður ef þarf.
- Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun.

Tækifæri til umbóta

- Skrá hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats.
- Gefa nemendum kost á að taka þátt í gerð einstaklingsnámskráa, þar sem við á.
- Huga að því að öll sérkennsla sé í höndum sérkennara.

Svið III – Innra mat

Tilgangur innra mats er að skoða skólastarfið með það að leiðarljósi að bæta það sem betur má fara og efla það sem vel er gert. Markmiðið er að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfinu og að auðvelda starfsfólki að vinna eftir markmiðum skólans. Í skólastefnu sveitarfélagsins er fjallað um innra mat en þar segir: *Í skólum sveitarfélagsins skal lagt mat á skólastarf til að tryggja börnum og unglingum góða líðan, menntun og gott skólaumhverfu.*

Þar er þess jafnframt getið að úttektarskýrslur, sjálfsmatsskýrslur, umbótaáætlanir og ýmsar niðurstöður matsverkefna eigi að birtast á heimasíðum skóla.

Innra mat í Vallaskóla fer fram á nokkuð fjölbreyttan hátt. Skólinn notar Skólapúlsinn, þar sem kannanir fyrir nemendur, starfsmenn og foreldra eru lagðar fyrir reglulega. Þá eru kannanir vegna Olweusaráætlunar lagðar árlega fyrir nemendur í 4.-10. bekk. Skólaþing eru einnig haldin árlega þar sem allir hagsmunaaðilar geta tekið þátt og komið þar með að innra mati. Nám og kennsla eru metin reglulega og skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati, svo sem samræmd próf og niðurstöður PISA, í innra matið. Í tengslum við *Heilsuefandi grunnskóla* hafa verið gerðar SVÓT greiningar varðandi mataræði.

Framkvæmd innra mats

Innra mat er kerfisbundið og samofið daglegu skólastarfi

Á heimasíðu er sagt frá helstu leiðum sem skólinn fer við að meta sitt innra starf. Það er gert í sjálfsmatsáætlun fyrir árin 2011-2014. Þar kemur fram hvaða kannanir verða lagðar fyrir og á hvaða tímabilum. Þar er um að ræða Skólapúlsinn, könnun vegna Olweusaráætlunar, samræmd könnunarpróf og skólaþing. Ekki er getið um hvaða þættir skólanámskrár verða metnir eða viðmið um þá. Sjálfsmatsskýrslur frá árunum 2005-2007 eru á heimasíðu, svo og niðurstöður úr Skólapúlsi frá árinu 2012.

Sjálfsmatshópur er starfandi við skólann og hann skipa kennarar og stjórnendur. Innra mat er hluti af daglegu starfi kennara og annarra starfsmanna og nám og kennsla metin með reglubundnum hætti.

Styrkleikar

- Í sjálfsmatsáætlun skólans 2011-2014 koma fram helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt.
- Sjálfsmatshópur er starfandi við skólann.
- Nám og kennsla eru metin með reglubundnum hætti.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf sjálfsmatsskýrslu fyrir liðið ár.
- Í skólanámskrá þarf að vera umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt.
- Í langtímaáætlun þarf að koma fram hvaða þættir skólastarfsins eru metnir, viðmið, tímasetningar, ábyrgðaraðilar og hvenær á að meta árangur aðgerða.
- Áætlun um innra mat viðkomandi skólaárs þarf að vera aðgengileg á heimasíðu.

Innra mat er markmiðsbundið

Skólinn notar innra mat til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð. Leiðir að markmiðum, s.s. aðgerðir, áætlanir og verkferlar, eru hluti af innra mati. Í könnunum Skólapúlsins eru skilgreind viðmið fyrir hvert markmið um árangur sem stefnt er að, þ.e. landsmeðaltal. Einnig fæst samanburður í Olweusarkönnunum við landið og jafnvel einstaka landshluta. Skólinn sjálfur hefur hins vegar ekki sett sér viðmið um þann árangur sem stefnt skal að.

Í umbótaáætlun skólans 2013-2014 er hægt að lesa um til hvaða aðgerða á að grípa og hver er ábyrgðaraðili þar sem komið hefur í ljós að hægt er að efla starfið og bæta. Ekki er hægt að sjá að öll markmið skólanámskrár séu metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.

Styrkleikar

- Innra mat er nýtt til að sjá að hve miklu leyti markmiðum hefur verið náð.

Hægt er að bera niðurstöður í Skólapúlси og Olweusarkönnun saman við landsmeðaltal.

Tækifæri til umbóta

- Gera þarf viðmið um þann árangur sem stefnt er að í innra mati.
- Gera áætlun um að öll markmið skólanámskrár séu metin markvisst og reglubundið.

Innra mat byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum

Við öflun gagna eru notaðar fjölbreyttar aðferðir. Val aðferða ræðst af viðfangsefninu og þeim spurningum sem lagt er upp með. Skólaþing er vettvangur þar sem allir hagsmunaaðilar geta komið að innra mati og það gefur fjölbreyttar upplýsingar. Í innra mati er unnið með niðurstöður úr ytra mati svo sem PISA Könnunum.

Styrkleikar

- Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna.
- Skólinn nýtir niðurstöður úr ytra mati í innra matið.

Tækifæri til umbóta

- Upplýsingar um aðferðir í innra mati þurfa að vera aðgengilegar á heimasíðu.

Innra mat er samstarfsmiðað og byggir á lýðræðislegum vinnubrögðum

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum þeirra hagsmunaaðila sem hlut eiga að máli. Þeir geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd með aðkomu skólaráðs. Í matsteymi eru kennarar og aðstoðarskólastjóri en aðrir hafa þar ekki beina aðkomu.

Styrkleikar

- Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila.
- Í gegnum skólaráð getur starfsfólk, nemendur og foreldrar haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats.

Tækifæri til umbóta

- Skipa fulltrúa allra hagsmunaaðila í matsteymi svo þeir geti haft bein áhrif á skipulag og forgangsröðun í innra mati.
- Ræða niðurstöður, þróun og umbætur í matsteymi.

Umbótastarf í kjölfar innra mats

Innra mat er opinbert

Niðurstöður úr innramatieruformlegakynntarhelstu hagsmunaaðilum. Það ergert á starfsmannafundum og í skólaráði auk þess sem umsjónarkennarar kynna t.d. niðurstöður Olweusaráætlunar í hverjum bekk. Þá eru niðurstöður Skólapúlсins 2011-2012 á heimasíðu.

Greinargerð um innra mat liðins árs er ekki til staðar og umbótaáætlun ársins er ekki birt á heimasíðu.

Styrkleikar

- Niðurstöður úr innra mati eru formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum.

Tækifæri til umbóta

- Birta umbótaáætlun með opinberum hætti.
- Gera greinargerð um innra mat liðins árs og birta opinberlega.
- Setja niðurstöður úr innra mati á heimasíðu.

Innra mat er umbótamiðað

Umbótaáætlun fyrir yfirstandandi ár er í samræmi við þær niðurstöður sem komu fram í innra mati á skólaárinu 2012-2013. Þar eru tilgreindar markvissar aðgerðir, ábyrðaraðilar og tímasetningar. Áætlunin var unnin af stjórnanda en ekki af sjálfsmatsteymi skólans og hefur ekki verið borin undir skólaráð.

Áætlunin er til eins árs en ekki er tímasett hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða. Bæði starfsfólk og nemendur gátu á óyggjandi hátt nefnt dæmi um umbætur sem innra mat skólans hefur leitt til.

Styrkleikar

- Umbætur eru skilgreindar og skipulagðar á grunni greiningar á styrkleikum og veikleikum.
- Tímasett áætlun um umbætur líðandi árs er til staðar.

Tækifæri til umbóta

- Allir hagsmunaaðilar komi að gerð umbótaáætlunar.
- Í áætlun komi fram hvenær á að meta árangur aðgerða.
- Bera umbótaáætlun undir skólaráð.

Svið IV – Nám nemenda með sérþarfir – teymi

Þegar kom að fjórða þætti í ytra mati ákváðu yfirvöld fræðslumála í Árborg og skólastjórnendur Vallaskóla að óska eftir mati á námi nemenda með sérþarfir og skipulagi nemendateyma.

Í annarri grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 er lögð áhersla á það meginhlutverk grunnskólans að stuðla að alhliða þroska allra nemenda. Í þriðju grein í reglugerð nr. 585/2010 um nám nemenda með sérþarfir í grunnskóla er m.a. fjallað um að markmið reglugerðarinnar sé að nemendur: *geti þroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu og verið félagslega virkir þátttakendur í skólasamfélaginu þar sem byggt er á styrkleikum þeirra.*

Í skólastefnu sveitarfélagsins Árborgar segir: sérfræðiþjónusta skóla skal þjóna fjölbreyttum þörfum barna, foreldra og starfsfólks.

Verkferlar vegna sérfræðiaðstoðar skulu gerðir í hverjum skóla og skulu þeir vera skýrir og aðgengilegir notendum.

Í Vallaskóla eru fjölbreytt úrræði fyrir hendi til að koma til móts við nemendur með sérþarfir. Í starfsáætlun skólans er gerð grein fyrir stoðþjónustunni. Þar er skrá yfir allar skimanir og mat sem lagt er fyrir nemendur og hvaða úrræði eru fyrir hendi. Má þar nefna hefðbundna sérkennslu, stuðning í bekk, ART-þjálfun, list- og verkgreinanámskeið, mál- og hreyfiþjálfun, nýbúakennsla og síðast en ekki síst nemendateymi.

Í starfsmannahandbók skólans er ítarlega gerð grein fyrir verklagsreglum um nemendateymin. Þar kemur fram að markmiðið með nemendateyminum sé að þjónusta við nemendur með náms- og hegðunarerfiðleika sé skilvirkari, utanumhald mála verði öruggt og einnig að ábyrgð á málum sé dreifðari. Í hverju teymi er skólastjórnandi, kennari, ráðgjafi og foreldrar nemandans. Skólastjórnandi er formaður teymis, fundarstjóri og heldur einnig utan um skráningu upplýsinga í Mentor auk þess að gæta þess að upplýsingar séu til staðar í trúnaðarmöppu sérhvers nemanda.

Í viðtölum við alla rýnihópa (nemendur voru ekki spurðir) kom fram mikil ánægja með nemendateymin. Markmiðið með þeim væri til góðs og þau skildu skilvirkari og betri samvinnu milli heimila og skóla. Hins vegar kom einnig fram að mikill tími fer í utanumhald og þarf að huga að því að dreifa þeirri ábyrgð, t.d. milli allra skólastjórna.

Í kafla II um nám og kennslu framar í þessari skýrslu koma fram helstu áherslur skólans um námsaðlögun, það er hvernig námið er við hæfi allra nemenda og hvernig stuðningi við nám er háttáð. Til að skoða nám nemenda með sérþarfir var enn fremur litið til þess hvernig greiningargögn og námsáætlanir eru nýttar, hvaða verklagsreglum er fylgt og hvernig skipulagi er háttáð. Gagnaöflun vegna þessa þáttar fór fyrst og fremst fram með því að skoða gögn frá skólanum, með viðtölum við rýnihópa og með vettvangsathugunum.

Hafa ber í huga að viðmið um fjórða þátt hafa ekki farið til umsagnar og endurskoðunar líkt og önnur viðmið sem notuð eru við ytra matið. Þessi viðmið eru unnin með skömmum fyrirvara þar sem ósk skóla og sveitarfélags um fjórða matsþáttinn lá fyrst fyrir stuttu áður en matið hófst.

Nám við allra hæfi

Nemendur fá jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í skólastarfi. Komið er til móts við náms-, líkams-, félags- og tilfinningalegar þarfir þeirra. Tækjabúnaður í skólanum tekur mið af þörfum allra, hvort sem um er að ræða fatlaða eða ófatlaða einstaklinga. Samkvæmt samtali við deildarstjóra sérkennslu hafa nemendur með lestrarerfiðleika aðgang að tölvum til stuðnings við nám. Í vettvangsathugun sást að nemendur í sérúrræðum nýttu sér það en nemendur í almennri kennslu sáust ekki nýta tækni sem stuðning við nám. Skipulag stuðnings við einstaka nemendur og nemendahópa stuðlar að því að hann fari fram innan skólans án aðgreiningar.

Námsumhverfið er að mati kennara í rýnihópi ekki mjög sveigjanlegt. Kvartað var um þrengsli, t.d. fyrir sérkennsluhópa. Fyrsta og öðrum bekk er kennt í sér húsi og að mati margra sem matsmenn hittu er það að flestu leyti gott. Þar fá nemendur næði og verndandi umhverfi fyrstu misserin.

Lélegt netsamband hamlar því að upplýsingatækni sé meira nýtt í skólastarfinu.

Styrkleikar

- Nemendur fá fjölbreytt nám við hæfi sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu.
- Allt skipulag skólastarfs miðar að skóla án aðgreiningar.

Tækifæri til umbóta

- Bæta þarf netsamband svo nýta megi upplýsingatækni meira í skólastarfi.

Greiningargögn og námsáætlanir

Greiningargögn og aðrar upplýsingar fylgja nemendum frá leikskóla til grunnskóla og frá grunnskóla í framhaldsskóla, þó þar sé ekki um einstaklingsbundna tilfærsluáætlun að ræða. Þó tilfærsluáætlun nemenda með sérþarfir sé ekki bundin í reglugerð, nema fyrir nemendur sérdeilda, væri æskilegt að gera slíka áætlun líka fyrir þá sem eru með einstaklingsnámskrá. Vert er að geta að fram kom ánægja með hvernig staðið er að flutningi allra nemenda milli leik- og grunnskóla með góðum skilafundum. Einnig var nefnt að samstarf við FSu væri mjög gott hvað varðar nemendur með sérþarfir og kynningu fyrir þá þegar kemur að flutningi þeirra milli skólastiga.

Stuðningur er ávallt skipulagður í samráði við umsjónarkennara, aðra kennara, sérkennara og fagaðila, ef við á. Samráð er haft við foreldra um stoðþjónustu vegna barna þeirra. Foreldrar taka þátt í gerð einstaklingsáætlana og þeir eiga sæti í teyllum sem skilgreind eru kringum einstaka nemendur. Endurskoðun slíkra áætlana fer einnig fram í samvinnu við foreldra. Árangur stuðnings er metinn markvisst og hann endurskipulagður ef þörf er á.

Á heimasíðu geta foreldra sótt upplýsingar um stoðþjónustu skólans.

Styrkleikar

- Greiningargögn fylgja nemendum milli skólastiga.
- Stuðningur er skipulagður í samvinnu fagaðila innan skólans.
- Foreldrar taka þátt í gerð einstaklingsnámskráa og sitja í nemendateyllum.

Tækifæri til umbóta

- Huga að gerð tilfærsluáætlana, sbr. reglugerð nr. 585/2010 um nám nemenda með sérþarfir.

Verklagsreglur og áætlanir

Sérfræðiþjónusta nær yfir sér- og stuðningskennslu, námsráðgjöf, nýbúafræðslu, talkennslu, sálfræðiþjónustu, skólaheilsugæslu og nemendavernd. Umsjónarkennarar og aðrir kennarar skólans fá leiðbeiningar og kennsluráðgjöf frá fagaðilum vegna nemenda með sérþarfir. Sú ráðgjöf kemur bæði frá deildarstjóra sérkennslu, sérkennurum og ráðgjöfum á skólaskrifstofu Árborgar.

Erindi sem koma frá foreldrum eru skráð í bréfadagbók og varðveitt í möppu. Ef erindi þeirra þarfnast frekari úrvinnslu er málið tekið fyrir á næsta fundi, t.d. nemendaverndarráðsfundi eða stjórnunarteymifundi, og afgreitt formlega þaðan.

Forvarnarstarf fer fram sem miðar markvisst að velferð allra nemenda. Má þar nefna Olweusaráætlun og ART-þjálfun, auk þess sem forvarnarteymi er starfandi sem sér til þess að forvarnarstefna sveitarfélagsins sé virt innan skólans. Þá er nemendaverndarráð starfandi þar sem fagaðilar fjalla um málefni einstakra nemenda.

Móttökuáætlun þar sem kveðið er á um aðbúnað, hjálpartæki, skipulag námskrár, námsmat og hlutverk allra fagaðila fyrir nemendur með sérþarfir er ekki til staðar. Hins vegar er til móttökuáætlun fyrir nýbúa.

Til er skrá um allar skimanir og mat sem skólinn nýtir en ekki kemur fram hvernig brugðist er við niðurstöðum hvernar skimunar.

Styrkleikar

- Sérfræðipjónustan nær yfir alla þá þjónustu sem getið er um í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.
- Í skólanum fer fram öflugt forvarnarstarf.
- Á heimasíðu er skrá yfir allar skimanir og mat sem skólinn nýtir.

Tækifæri til umbóta

- Gera móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir.
- Skrá hvernig brugðist er við niðurstöðum skipulagðra skimana.

Skipulag

Allir þeir fagaðilar sem gert er ráð fyrir að starfi innan skóla, svo sem þroskaþjálfari, náms- og starfsráðgjafi, sérkennarar og ráðgjafar af skólaskrifstofu, eru til staðar fyrir nemendur Vallaskóla.

Starfsmenn stoðþjónustunnar vinna í nánnum tengslum við stjórnendur og kennara skólans. Í rýnihópi hjá öðrum starfsmönnum skólans kom fram að nokkuð vantaði upp á skilvirkt upplýsingastreymi til þeirra um nemendur með sérþarfir.

Í starfsáætlun skólans er skilgreint hvað sérkennsla felur í sér en ekki fjallað um stuðningskennslu eða í hvaða tilvikum einstaklingsnámskrá er gerð. Í ljósi fjölda stuðningsfulltrúa væri eðlilegt að gera grein fyrir hvað felst í starfi þeirra. Í starfsmannahandbók er fjallað um einstaklingsnámskrár og í hvaða tilvikum þær eru gerðar.

Snemmtæk íhlutun og aðrar fyrirbyggjandi aðgerðir vegna námserfiðleika eru innan stoðþjónustu og sérstakur aðili ber ábyrgð á að áætlanir um stuðning í námi og kennslu séu í samræmi við metnar sérþarfir nemenda.

Nemendateymi halda utan um málefni einstakra nemenda með náms- og hegðunarerfiðleika. Í teyminu sitja skólastjórnandi, kennari, ráðgjafi og foreldrar nemandans. Markmið með nemendateymum sem sett eru fram í skólanámskrá ná fram að mati rýnihópa sem rætt var við um teymin. Nemendur hafa ekki beina aðkomu að umfjöllun um málefni er þá varðar hjá teymunum.

Túlkapjónusta er til staðar fyrir nemendur/foreldra af öðru þjóðerni, samstarf er við Alþjóðahús og einnig eru nýttar þjargir í umhverfinu. Samstarf um málefni barna er milli sérfræðipjónustu, félagspjónustu, barnaverndaryfirvalda og heilbrigðisþjónustu.

Styrkleikar

- Nemendur Vallaskóla geta notið aðstoðar þeirra fagaðila sem reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum kveður á um.
- Starfsmenn stoðþjónustu, stjórnendur og kennarar eiga gott samstarf.
- Sérstakur aðili ber ábyrgð á að áætlanir um stuðning í námi og kennslu séu í samræmi við metnar sérþarfir.
- Túlkapjónusta er til staðar fyrir nemendur með annað tungumál en íslensku.
- Vel er haldið utan um nám nemenda með sérþarfir með nemendateymum.

Tækifæri til umbóta

- Sjá til þess að nemendur, sérstaklega unglingar, komi markvisst að umfjöllun um eigin málefni hjá nemendateymum.
- Efla upplýsingaflæði til annarra starfsmanna skólans vegna nemenda með sérþarfir.
- Gera grein fyrir starfi stuðningsfulltrúa í kafla um stoðþjónustu í starfsáætlun.

Styrkleikar og tækifæri til umbóta

Þessi samantekt styrkleika og tækifæra til umbóta er einungis hluti af því sem fram kemur í lok hvers kafla í skýrslunni. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd einnig að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram í skýrslunni en eru ekki nefnd hér.

Í stórum dráttum má segja að í Vallaskóla fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólustarfs sem metnir voru. Styrkur skólans felst ekki síst í því að skólinn hefur markað sér skýra stefnu sem allir hagsmunaaðilar þekkja. Huga mætti að enn meiri námslegum metnaði og fjölbreyttari kennsluháttum.

Stjórnun

Einkunnarorð skólans, *virðing, þekking, lífsgleði*, eru leiðarljós í starfi skólans. Stefna skólans er skýrt fram sett og allir hagsmunaaðilar þekkja til hennar. Skólanámskrá endurspeglar áherslur í skólustefnu sveitarfélagsins og starfsáætlun uppfyllir nánast öll viðmið sem birt eru í aðalnámskrá. Allar helstu ákvarðanir er varða stefnu og skólahald eru lagðar fyrir skólaráð. Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir þeim. Gætt er að góðri og skilvirkri skjalastjórnun.

Tækifæri til umbóta í stjórnun

- Hafa verkskiptingu stjórnenda skýra og skilvirka.
- Efla upplýsingamiðlun milli allra stjórnenda.
- Efla samskipti við foreldra almennt og foreldrafélagið.
- Setja skólanámskrá fram í heild sinni á heimasíðu eins og aðalnámskrá kveður á um.
- Samræma upplýsingagjöf til foreldra í Mentor.
- Huga að beinni endurgjöf til kennara á vettvangi.
- Samræma áherslur í umbótaáætlun og símenntunaráætlun.
- Gæta þess að allir fulltrúar í skólaráði séu lýðræðislega kosnir af sínum hópum.

Nám og kennsla

Kennarar hafa góða fagþekkingu og sérfræðiþekking þeirra nýtist í starfi. Kennslustundir eru almennt góðar, nemendur eru vinnusamir og nýta tímann vel. Samskipti eru jákvæð og góð, bæði milli nemenda og kennara og yfirleitt nemenda á milli. Nemendur á unglingastigi eiga kost á fjölbreyttum valgreinum. Til er skráð lestrarstefna þar sem getið er um viðmið um árangur. Leitað er eftir sjónarmiðum nemenda með bekkjarfundum og á árlegum skólaþingum. Nemendafulltrúar í skólaráði eru kosnir lýðræðislega og eru virkir þátttakendur þar. Skólinn leggur áherslu á að allir nemendur taki virkan þátt og þörfum allra sé mætt.

Tækifæri til umbóta í námi og kennslu

- Setja þarf skólanámskrá skólans upp á heimasíðu með þeim viðmiðum sem aðalnámskrá gerir grein fyrir og uppfæra námsvísa fyrir 2015 svo þeir byggi á nýrri aðalnámskrá.
- Hvetja þarf nemendur og foreldra til að nýta sér námsvísa.
- Sjá til þess að nemendur sitji tvö ár í skólaráði eins og kveðið er á um í reglugerð.
- Skoða hvers vegna frammistaða nemenda versnar milli 7. og 10. bekkjar á samræmdum könnunarprófum og bregðast við því.

- Skoða hvers vegna frammistaða nemenda versnar í PISA könnun 2012 miðað við 2009 og bregðast við því.
- Skrá hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats.
- Gera nemendum og kennurum kleift að nýta upplýsingatækni í skólastarfi.
- Efla samvinnu og samstarf nemenda og auka samræður í námi.
- Efla enn frekar fjölbreyttar kennsluaðferðir.
- Auka verkefni nemenda sem taka mið af þeirra áhugasviði.
- Kenna nemendum að meta eigin vinnu, setja sér markmið og þjálfast í sjálfsmati.
- Gefa nemendum kost á að taka þátt í gerð einstaklingsnámskráa, þar sem við á.
- Huga að því að öll sérkennsla sé í höndum sérkennara.

Innra mat

Í sjálfsmatsáætlun skólans 2011-2014 koma fram helstu leiðir sem skólinn fer við að meta innra starf sitt. Sjálfsmatshópur er starfandi við skólann og fjölbreyttar aðferðir eru notaðar við að afla gagna.

Við öflun gagna er leitað eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðila og niðurstöður eru formlega kynntar þeim. Í gegnum skólaráð getur starfsfólk, nemendur og foreldrar haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats. Tímasett umbótaáætlun líðandi skólaárs er til staðar.

Tækifæri til umbóta í innra mati

- Skipa fulltrúa allra hagsmunaaðila í matsteymi.
- Gera sjálfsmatsskýrslu liðins árs og birta á heimasíðu.
- Huga að því við gerð næstu langtímaáætlunar í innra mati að viðmið séu skilgreind, ábyrgðaraðilar og tímasetningar.
- Í áætlun komi fram hvernig öll markmið skólanámskrár eru metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.
- Geta þess hvenær á að meta árangur aðgerða.
- Setja niðurstöður úr innra mati á heimasíðu.
- Birta umbótaáætlun með opinberum hætti.

Nám nemenda með sérþarfir

Fjölbreytt úrræði eru til að koma til móts við nemendur með sérþarfir. Fagaðilar sem starfa innan skólans eru þroskaþjálfari, náms- og starfsráðgjafi, sérkennarar og einnig eru ráðgjafar af skólaskrifstofu til staðar fyrir nemendur Vallaskóla. Vel er haldið utan um nám nemenda með sérþarfir með nemendateymum. Ítarlega er gerð grein fyrir verklagsreglum um nemendateymi þar sem fram kemur að markmiðið með nemendateymum sé að þjónusta við nemendur með náms- og hegðunarerfiðleika sé skilvirkari, utanumhald mála verði öruggt og einnig að ábyrgð á málum sé dreifðari. Þessi markmið ná fram að mati rýnihópa sem rætt var við um teymin.

Greiningargögn og aðrar upplýsingar fylgja nemendum frá leikskóla til grunnskóla og frá grunnskóla í framhaldsskóla. Stuðningur er skipulagður í samráði við umsjónarkennara, aðra kennara, sérkennara og fagaðila, ef við á. Samráð er haft við foreldra um stoðþjónustu vegna barna þeirra og við gerð einstaklingsnámskrár. Forvarnarstarf fer fram sem miðar markvisst að velferð allra nemenda.

Tækifæri til umbóta í námi nemenda með sérþarfir

- Huga að dreifðri ábyrgð meðal stjórnenda vegna teyma og leitast við að umfang utanumhalds sé haldið í lágmarki.
- Sjá til þess að nemendur, sérstaklega unglingar, komi markvisst að umfjöllun um eigin nálefni hjá nemendateymum.
- Bæta þarf netsamband svo upplýsingatækni nýtist betur í skólastarfi.
- Huga að gerð tilfærsluáætlunar, sbr. reglugerð nr. 585/2010 um nám nemenda með sérþarfir.
- Gera móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir.
- Skrá hvernig brugðist er við niðurstöðum skipulagðra skimana.
- Efla upplýsingaflæði til annarra starfsmanna skólans vegna nemenda með sérþarfir.
- Gera grein fyrir starfi stuðningsfulltrúa í kafla um stoðþjónustu í starfsáætlun.

Frekari greining fyrir Vallaskóla

Tafla 1 sýnir niðurstöður í þremur af fjórum þáttum sem til skoðunar voru í ytra mati á Vallaskóla. Fjórdi þátturinn, mat á námi nemenda með sérþarfir, er ekki tekinn með þar sem ekki eru til samræmi viðmið um þann þátt.

Niðurstöður matsins eru settar fram á myndrænan hátt með lituðum kvarða.

- A → 3,6 – 4 = grænt – Flestir eða allir þættir sterkir. Mjög gott verlag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf.

- B → 2,6 – 3,5 = ljósgrænt – Fleiri styrkleikar en veikleikar. Gott verlag, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi.

- C → 1,6 – 2,5 = gult – Fleiri veikleikar en styrkleikar. Viðunandi verlag, uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta.


- D → 1,0 – 1,5 = rautt – Mikil umbótaþörf í flestum eða öllum þáttum. Óviðunandi verlag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

Stjórnun			Nám og kennsla			Innra mat	
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þáttt. og ábyrgð nemenda	Náms aðlögun	Framkvæmd innra mats	Umbótastarf í kjölfar innra mats
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfs áætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Nám við hæfi allra nemenda	Kerfisbundið og samofið daglegu skólustarfi	Opinbert
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þáttt. for. í skólust. og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Stuðningur við nám	Markmiðs bundið	Umbótamiðað
Faglegt samstarf	Verklags reglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu			Byggir á traustum og fjölbreyttum upplýsingum	
Skólaþróun			Námshættir og námssvitund			Samstarfsm. og byggir á lýðræðis. vinnubr.	

Tafla 1. Styrkleikar og veikleikar matsþátta

Mat á gæðum kennslustunda

Mynd 1 sýnir yfirlit yfir mat á gæðum kennslustunda² sem metnar voru.




Kennsluhættir

Notkun upplýsingatækni

Nemendur eða hluti nemenda notuðu upplýsingatækni í þremur kennslustundum af 32 sem matsmenn heimsóttu. Kennarar nýttu upplýsingatækni til kennslu í sex af þessum stundum.

Kennsluathafnir³

Mynd 2 sýnir yfirlit yfir kennsluathafnir í metnum kennslustundum.




2 Sjá: Viðmið um gæði kennslustunda.

3 Sjá: Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum.


Samvinna og einstaklingsvinna

Mynd 3 sýnir yfirlit yfir samvinnu og einstaklingsvinnu nemenda í metnum kennslustundum.



Hópastærð, nemendur á kennara

Mynd 4 sýnir fjölda nemenda í metnum kennslustundum á hvern kennara í almennri kennslu.



Matsblað kennslustundar

Vettvangsathugun í kennslustund

Bekkur:	Dags./vikud.:	Kl. (upphaf og lok):
Námsgrein:	Fjöldi nemenda í stundinni:	Nám byggir á: Samvinnu nemenda / Einstaklingsvinnu/Blanda
Kennari/ar:	Fjöldi nemenda í sérúrræði utan stofu:	Nota nemendur UT við nám: J/N
Aðrir fullorðnir, fjöldi:	Kennsluáherslur: Fræðandi/ Leiðbeinandi/Blanda	Nota kennarar UT við kennslu: J/N
Matsþáttur	Vísbendingar	
Skipulag í skólastofunni/ kennsluaðstæður:	Námsgögn og umhverfi styðja við nám og kennslu allra nemenda.	
Framvinda kennslustundarinnar:	Kennslustundin er vel skipulögð, vel uppbyggð og tíminn vel nýttur.	
Markmið, mat og endurgjöf:	Kennslan byggir á faglegri þekkingu kennara. Markmið stundarinnar eru skýrt sett fram og kynnt nemendum. Viðmið um árangur eru sýnileg. Endurgjöf er leiðbeinandi, regluleg, markviss og leiðir til framfara. Námsmat er fjölbreytt. Nemendur þjálfast í sjálfsmati og taka þátt í að meta eigin árangur.	
Samskipti og samstarf:	Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Samskipti eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samvinna og samstarf er markvisst þjálfað og notað.	
Kennsluaðferðir og vinnutilhögun:	Kennsla er skipulögð þannig að hún hæfi öllum nemendum. Nemendur hafa val um verkefni og verkefni eru krefjandi. Verkefni eru heildstæð og samþætt. Allir nemendur taka virkan þátt. Kennsluhættir og vinnubrögð eru fjölbreytt og hæfa verkefnum. Nemendur þjálfast í að vinna sjálfstætt, í samvinnu og að beita fjölbreyttum námsaðferðum. Nemendum er kennt að setja sér eigin markmið í námi. Nemendur nýta mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni, m.a. upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.	
Námsaðlögun:	Kennsla er löguð að mati á stöðu nemenda. Verkefni eru krefjandi og í samræmi við námsmarkmið hvers og eins. Nám nemenda tekur mið af áhuga þeirra og hæfileikum. Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum. Nemendur geta valið sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða eigin námsstíl.	
Grunnþættir menntunar:	Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun; eru þessir þættir sýnilegir í stundinni?	
Tvö atriði sem tókust vel eða voru vel gerð í stundinni og eitt sem má bæta.		
Mat á stundinni: Frábær – Góð – Má bæta – Óviðunandi		

Viðmið um gæði kennslustunda.

Við mat á gæðum kennslustunda eru eftirfarandi viðmið frá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar notuð (heimild: Birna Sigurjónsdóttir):

Frábær

- Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

Góð

- Flestir nemendur taka góðum framförum vegna góðrar kennslu.
- Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.
- Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við.
- Verkefnin mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi.
- Kennluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda.
- Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargir eru vel nýttar og tími vel nýttur.
- Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

Má bæta

- Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að nemendur njóta stundarinnar og ná fullnægjandi árangri.

Óviðunandi

- Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:
- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins taka ekki nægum framförum.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi, andlegur, siðferðilegur, félagslegur og menningarlegur þroski er vanræktur og persónulegur þroski nemenda er slakur.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.
- Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:
 - Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
 - Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
 - Bekkjarstjórnun er ábótavant.
 - Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
 - Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.

Kennsluhættir – leiðsögn við ytra mat á grunnskólum

Gæði kennslu skipta sköpum fyrir nám nemenda. Fræðimenn eru sammála um að ekki sé til ein ákveðin besta leið við kennslu. Áhrif kennsluaðferða ræðst m.a. af námssviðum, námsmarkmiðum hverju sinni og menningarlegum aðstæðum.

Nám á sér stað þegar nemandi tekur virkan þátt með því að fylgjast með, ræða, skrifa, hlusta, hugsa og gera. Það eflir nám að sjá tilgang og möguleika á nýtingu. Nám byggir á fyrri skilningi. Markmið kennslu er nám nemenda. Árangursrík kennsla felur því í sér að skapa námsaðstæður þar sem nemendur eru virkir, tengja við fyrri þekkingu og sjá tilgang með verkefnum.

Við ytra mat á námi og kennslu þarf að skoða og greina kennsluaðferðir og vinnubrögð sem notuð eru í þeim kennslustundum sem metnar eru. Til hvers konar námsathafna leiðir kennsluskipulag?

Til hjálpar er hægt að nota eftirfarandi flokkun þar sem kennsluhættir eru flokkaðir í þrjá flokka eftir athöfnum kennara og nemenda. Þvert á þessa flokka er hægt að líta á hvort nemendur vinna sjálfstætt við námið eða eru í gagnvirku námi.

Dæmi um kennsluaðferðir eða tilhögun eru innan hvers flokks en ekki er um tæmandi lista að ræða. Flokkar og aðferðir geta einnig skarast innbyrðis. Þessi flokkun getur verið stuðningur þegar metið er hvort fjölbreyttir kennsluhættir séu í skólanum. Það er t.d. ekki fjölbreytni ef kennsluathafnir eru að mestu í einum flokki og námsathafnir nemenda þar með einhæfar.

Flokkun kennsluathafna

Fræðandi

Kennarinn er fyrst og fremst að miðla efni, staðreyndum og hugtökum. Kennsluathafnir eru að útskýra, sýna og spyrja. Ef spurt er þá eru það spurningar sem kalla oftast á eitt rétt svar. Vinna við verkefni og vinnubækur mótast af því að taka á móti staðreyndum og setja þær fram á ákveðinn hátt, ein þekkt lausn. Námsefnið er í forgrunni.

- Fyrirlestrar/útskýringar kennara
- Fara yfir og leiðrétta heimaverkefni, próf, könnun skv. forskrift kennara
- Bein kennsla/samræður við nemendur
- Vinnubækur og verkefnabækur/hefti
- Skrifleg verkefni úr ýmsum áttum
- Námsefni lesið saman og rætt við nemendur
- Sýnikennsla, útskýringar
- Verkefni sem nemendur hafa ekki áhrif á, hvort heldur er bókleg eða verkleg
- Horft á kvikmyndir og myndbönd
- Þjálfun og æfingar

Leiðbeinandi

Kennarinn stýrir framvindu kennslustunda en leggur áherslu á krefjandi spurningar og lausnaleit sem reynir á rökhugsun nemenda (lýsa, leggja mat á, bera saman, draga ályktanir og/eða setja fram tilgátur) eða opin/skapandi viðfangsefni þar sem hægt er að velja úr nokkrum þekktum lausnum. Áhersla er lögð á frumkvæði og ábyrgð nemenda með skipulagi á námsathöfnum þar sem engin lausn er fyrirfram þekkt. Áhersla er á námsferlið sem leið til náms frekar en námsefnið einvörðungu.

Nemandinn er í forgrunni og hann er virkur í að athuga, rannsaka og draga ályktanir. Áhugi nemenda og forvitni er driffjöður námsathafna. Kennarinn skapar námsaðstæður og tækifæri nemenda til þátttöku, hann sér um að bjargir séu til staðar og veitir endurgjöf meðan á námi stendur.

- Tilraunir og verklegar æfingar
- Lausnaleit
- Náms efni lesið saman og rætt með nemendum
- Verkefni í list- og verkgreinum þar sem nemendur hafa áhrif á útfærslu og verkefnaaval eða nemendur hanna og skapa frá grunni
- Útikennsla og vettvangsferðir þar sem nemendur bera ábyrgð og nýta umhverfi til náms
- Rannsóknir
- Leikræn tjáning / hlutverkaleikur

Þvert á flokkana að framan koma eftirfarandi þræðir:

Sjálfstætt nám – einstaklingsvinna


Kennarinn skipuleggur námsathafnir sem ætlað er að efla frumkvæði, sjálfstraust og sjálfsmat nemandans. Námið er skipulagt annað hvort af kennara eða nemanda en er undir umsjón og leiðsögn kennara. Vinna nemenda sem einkennist af dæmigerðri vinnubókarvinnu er einnig flokkuð sem einstaklingsvinna.

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna
- Einstaklingsverkefni sem tengjast áhugasviði
- Ígrundun og mat á eigin námi (sjálfsmat)
- Vinna í vinnubók eða sambærileg verkefni

Gagnvirkt nám – samvinna/hópavinna

Kennarinn skapar námsumhverfi sem byggir á samræðum og hlutdeild nemenda. Þarvinna, hópavinna eða annars konar samvinna í kennslustundum. Áhersla á samskipti, samvinnu og félagslega færni. Nemendur vinna í margskonar hópum. Kennarinn hefur mikilvægt hlutverk við hópamyndun og skipulag námsathafna nemenda í hópum.

- Sjálfstæð heimilda- eða ritgerðarvinna, hópverkefni
- Þemaverkefni, unnin í hópum
- Umræður hópa og kynning niðurstaðna
- Námsleikir og spil
- Leikræn tjáning, söngur eða hreyfing
- Samvinnunám



Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Aðalnámskrá grunnskóla: greinasvið. (2013). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Árborg. Heimasíða. Slóðin er: <http://www.arborg.is/>
- Björk Ólafsdóttir. (2011). Innra mat grunnskóla: leiðbeiningar og viðmið fyrir matsveitarfélags á innra mati grunnskóla. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.
- Hrönn Pétursdóttir. (2007). Sameiginleg framtíðarsýn fyrir grunnskólustarfið 2007-2020. Reykjavík: Félag grunnskólakennara, Samband íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélag Íslands.
- Lög um grunnskóla, nr. 91/2008.
- Menntamálaráðuneytið. 1997. Sjálfsmat skóla. Slóðin er: http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/8F7A17F4C22D2832002576F00058D40C/Attachment/sjalfsm_skola_97.pdf
- Reglugerð nr. 584/2010 umsérfræðiþjónustusveitarfélagaviðleik-oggrunnskólaognemendaverndarráð í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/584-2010>
- Reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/allar-rettarheimildir/nr/5540>
- Reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Slóðin er: <http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/6347>
- Reglugerð nr. 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla. Slóðin er: <http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/1157-2008>
- Vallaskóli. Heimasíða. Slóðin er: <http://www.vallaskoli.is/>
- Gögn um samræmd próf unnin úr gagnagrunni Námsmatsstofnunar.

